


# FLE

## BLAÐIÐ



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Janúar 2012

1. tölublað  
34. árgangur



***Skattlagning arðstekna***

***Evrópusambandið kynnir  
tillögur sínar***

***Er leiðrétting gengistryggðra  
lána skattskyld?***

Golfannáll – 30 ára saga  
Íslandsmeistarar  
Af söguritun



## Útg: Félag löggiltra endurskoðenda ©

Aðsendar greinar í blaðinu eru á ábyrgð höfunda en að öðru leyti er útgáfa blaðsins á ábyrgð kynningarnefndar FLE. FLE blaðið má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis höfundarrétthafa.

### Vinnsla blaðsins:

#### Kynningarnefnd FLE:

Helga Erla Albertsdóttir endurskoðandi hjá Deloitte ehf. formaður  
Guðrún Torfhildur Gísladóttir endurskoðandi hjá Grant Thornton endurskoðun ehf.  
Dýri Guðmundsson endurskoðandi hjá PwC ehf.  
Ólafur Már Ólafsson, endurskoðandi hjá KPMG ehf.

Umsjón og myndir: Hrafnhildur Hreinsdóttir skrifstofustjóri FLE  
Forsíðumyndin er frá Vestmannaeyjum og tekin af Guðmundi Óla Magnússyni

Prentun: Guðjón Ó – vistvæn prentsmiðja  
Janúar 2012 34. árgangur 1. tölublað



## Skrifstofa FLE

Skrifstofa FLE, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, er opin virka daga kl. 9-15.  
Sími: 568 8118  
Tölvupóstfang: fle@fle.is  
Vefsíða FLE: www.fle.is

Starfsmenn skrifstofu FLE:  
Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri  
sigurdur@fle.is  
Hrafnhildur Hreinsdóttir, skrifstofustjóri  
fle@fle.is

## Fylgt úr hlaði

### Frá kynningarnefnd Félags löggiltra endurskoðenda

Félag löggiltra endurskoðenda var stofnað 16. júlí 1935 og varð því 75 ára á árinu 2010. Á því ári voru gefin út tvö blöð þar sem annað blaðið var hefðbundið en hitt tileinkað afmælisárinu. Að öðru leyti hefur jafnan verið gefið út eitt blað á ári, í upphafi árs, þar sem miðað er við að niðurstöður löggildingarprófa liggi fyrir þannig að hægt sé að kynna nýja endurskoðendur í blaðinu.

Efnistöð blaðsins þetta árið eru svipuð og síðastliðin ár þar sem blandað er saman efni sem tengist endurskoðunarfaginu við ýmislegt efni tengt félagsstarfinu og félagsmönnum. Við efnisöflun var meðal annars leitað til félagsmanna og aðila utan stéttarinnar auk þess sem félagsmenn voru hvattir til að senda inn greinar til birtingar í blaðinu.

Meðal efnis er grein frá nýjum formanni félagsins, grein um tillögur Evrópusambandsins sem snúast um það að endur-  
vekjja traust á reikningsskilum, auk greinar frá Ríkisskattstjóra

um sameiningu skattfyrvalda þar sem miklar breytingar hafa orðið á undanfögnu ári. Þá er í blaðinu grein um skattlagningu arðs sem laun og einnig grein frá Endurskoðunarnefnd FLE um staðlana ISRE 2410 og 2400 en þeir fjalla um könnun á árshlutareikningum. Í blaðinu er einnig grein frá Félagi kvenna í endurskoðun (FKE) þar sem fjallað er um fyrsta heiðursfélaga þess. Umfjöllun um félagsstarfið á liðnu ári tekur einnig stóran hluta blaðsins, auk frásagna af félagsmönnum sem eru einnig afreksmenn á hinum ýmsu sviðum íþróttar.

Kynningarnefnd vonar að lesendur hafi gagn og gaman af efni blaðsins og færir öllum þeim sem komu að útgáfu þess bestu þakkir fyrir framlagið.

Janúar 2012

Helga Erla Albertsdóttir, Guðrún Torfhildur Gísladóttir,  
Dýri Guðmundsson og Ólafur Már Ólafsson.

## Efni blaðsins:

|                                                               |    |
|---------------------------------------------------------------|----|
| Grein frá nýjum formanni FLE .....                            | 2  |
| Evrópusambandið kynnir tillögur sínar .....                   | 4  |
| Morgunkorn .....                                              | 5  |
| Að leggja inn réttindi sín .....                              | 6  |
| Könnun á árshlutareikningi .....                              | 7  |
| Starfsemi FLE .....                                           | 9  |
| Skattlagning arðstekna .....                                  | 11 |
| Íslandsmeistarar .....                                        | 15 |
| Sameining skattyfirvalda .....                                | 18 |
| Af söguritun – viðtal við Kristján Sveinsson söguritara ..... | 21 |
| Er leiðrétting gengistryggðra lána skattskyld? .....          | 25 |
| Fyrsti heiðursfélagi FKE .....                                | 27 |
| Golfannáll 30 ára saga .....                                  | 28 |
| Ráðstefnur ársins .....                                       | 32 |
| Aðalfundur 2011 .....                                         | 34 |
| Til hamingju með afmælið - árið 2012 .....                    | 36 |
| Löggildingarpróf og nýir félagar 2012 .....                   | 37 |



Kynningarnefnd FLE 2011-2012:  
Guðrún Torfhildur Gísladóttir, Ólafur Már Ólafsson, Dýri Guðmundsson og Helga Erla Albertsdóttir



## Af stjórnarborði

*Sigurður Páll Hauksson er formaður FLE*

Á aðalfundi félagsins 4. nóvember s.l. var ný stjórn kjörin. Þrír nýir stjórnarmenn voru kjörnir á fundinum, þau Arna Guðrún Tryggvadóttir, Auður Þórisdóttir og Sturla Jónsson var kjörin varaformaður. Jafnframt var undirritaður Sigurður Páll Hauksson kjörinn formaður, Friðbjörn Björnsson sat áfram í stjórn. Stjórnin hefur skipt með sér verkum; Arna Guðrún Tryggvadóttir er ritari stjórnar og Auður Þórisdóttir gjaldkeri. Stjórnin hefur haldið tvo stjórnarfundum á starfsárinu, þar af einn skipulags- og verkefnafund með formönnum nefnda félagsins. Á þeim fundi var ýmsum hugmyndum velt upp um möguleg verkefni og áherslur félagsins til framtíðar. Margar frjóar og gagnlegar hugmyndir komu fram við þá yfirferð sem vafalaust munu nýtast stjórninni í störfum sínum. Ánægjulegt er að upplifa hversu fórnfúst starf félagsfólk er tilbúið til þess að leggja á sig fyrir félagið og hversu virkt það er til þátttöku við skipulagningu og framkvæmd verkefna á vegum félagsins. Mikil verðmæti eru fólgin í því fyrir félag eins og okkar.

Aðild nema í endurskoðun að félaginu var samþykkt á aðalfundinum og samþykktum félagsins breytt til samræmis. Breytingin er í takt við þá þróun sem orðið hefur hjá flestum systurfélögum okkar á Norðurlöndunum og hafa kollegar okkar þar látið vel af þeirri viðbót. Áhugavert verður að þróa þessa nýbreytni í samstarfi við nýtt félagsfólk og mun stjórn félagsins skipa nemanefnd til þess að stuðla að þeirri þróun og fá fram þær áherslur sem þjóna hagsmunum þeirra.

Töluverður hluti félaga í FLE eru endurskoðendur sem kjósa að sinna öðrum störfum en endurskoðun eða u.þ.b. 27%. Eins og annað félagsfólk er þetta mikilvægur hópur sem að einhverju leyti hefur aðrar þarfir en hinn starfandi endurskoðandi. Nágrannar okkar í Skandinavíu hafa með góðum árangri náð að sinna og þjónusta félagsmenn með mismunandi áherslur innan þeirra félagasamtaka, þannig eru félagar í FAR í Svíþjóð alls um 6.700 en einungis um 3.700 starfandi endurskoðendur. Endurskoðunarstéttin hefur vaxið töluvert á síðast liðnum árum, fjöldi endurskoðenda á árinu 1981 var 121, en er í dag þremur áratugum seinna 370. Auk þessa hefur hlutfall eldra félagsfólks FLE aukist á síðustu árum og því eðlilegt að félagsstarfið taki að einhverju leyti mið af slíkum breytingum.



*Formaður og framkvæmdastjóri ræða málin*

Af erlendum vettvangi er það helst að fréttu að nefnd á vegum Evrópusambandsins um regluverk og starfshætti endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja skilaði tillögum sínum nú í nóvember. Verði tillögur nefndarinnar samþykktar á Evrópuþinginu og þeim hrint í framkvæmd munu þær hafa töluverð áhrif á evrópska endurskoðendur. Tillögurnar beinast fyrst og fremst að félögum sem tengjast almannahagsmunum (e. PIE), þar sem m.a. takmörk verða sett á þjónustu endurskoðenda slíkra félaga, kveðið á um skylduútböð, útskiptingu endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja, gæðaeftirlit og takmörkun á markaðshlutdeild stærstu endurskoðunarfyrirtækjanna. Langt ferli er framundan innan Evrópusambandsins áður en endanlegar tillögur verða að lögum, en fram hefur komið að innleiðing gæti tekið 3-5 ár. Á þeim tíma munu tillögurnar þó væntanlega taka breytingum og því afar mikilvægt að fylgjast með framvindu mála. Erlent samstarf FLE við NRF (norræna endurskoðendasambandið) og FEE (Evrópusamtök endurskoðenda) er góður vettvangur til þess að fylgjast með því sem gerist á þessu sviði. Mikilvægi erlends samstarfs fyrir lítið félag eins og okkar, sannar sig við slíkar kringumstæður, en erlendir kollegar okkar búa yfir mannauði til að kynna sér mál og fylgja þeim eftir. Nokkuð sem við ættum erfitt með að gera upp á eigin spýtur vegna smæðar en við njótum í gegnum



Formaðurinn á fundi með Álitsnefnd í nóvember 2011. Frá vinstri: Anna Kristín Traustadóttir, Margret G. Flóvenz, Sigurður, J. Sturla Jónsson og Eymundur Einarsson.

erlent samstarf. Verkefni okkar beinist síðan m.a. að innlendum stjórnvöldum, aðstoða þau við að kynna sér þær breytingar sem eiga sér stað varðandi stétt okkar í þeim löndum sem við eigum hvað mest samstarf við, koma að þeim verkefnum sem stjórnvöld telja að við getum orðið þeim að liði varðandi framþróun og uppbyggingu endurskoðunar á Íslandi og stuðla að samræmingu og skýrleika reglna.

Á árinu hafa fulltrúar félagsins m.a. átt góða fundi með fulltrúum Viðskiptaráðuneytisins, Ríkisskattstjóra og aðilum úr háskólasamfélaginu. Á þessum fundum hafa aðilar skipst á skoðunum um ýmis mál, áherslur félagsins í einstökum málum verið rædd og framþróun einstakra mála yfirfarin. Slíkir fundir eru mikilvægir og nauðsynlegt er að festa slíkt fundarhald í sessi með reglulegu millibili. Á fundum með Viðskiptaráðuneytinu kom m.a. fram, að til stendur að leggja fram frumvarp á vorþingi 2012 til breytinga á lögum um ársreikninga og lögum um endurskoðendur. Vonandi tekst ráðuneytinu að hrinda þeim áætlunum í framkvæmd að þessu sinni.

Gildi FLE eru heiðarleiki, óhæði og traust. Göfug gildi sem mikilvæg eru stétt sem telur sig eiga skyldum að gegna gagnvart almenningi. Á endanum er það félagsfólk sjálft sem sýnir með störfum sínum og framkomu hvort það standi undir svo háleitu gildum. Eining innan stéttarinnar, sameiginleg framtíðarsýn og virðing gagnvart náunganum, eru vörður sem vísa veginn í þá átt.



Sigurður nýkjörinn formaður

Ljóst er af framansögðu að margvísleg og áhugaverð verkefni eru framundan hjá félaginu. Öllu félagsfólki þakka ég samstarfið á árinu sem leið og óska ykkur farsældar á nýju ári.

Sigurður Páll Hauksson



## Evrópusambandið kynnir tillögur sínar

*Sigurður B. Arnþórsson,  
framkvæmdastjóri FLE tók saman*

### Framkvæmdastjórn EB vill endurvekja traust á reikningskilum

Grein þessi er byggð á lauslegum þýðingum úr fréttatilkynningum frá FEE og Evrópusambandinu.

Nú hefur Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sent frá sér tillögur að nýjum tilskipunum og lögum sem snúa að endurskoðendum. Þær fela í sér nánari skilgreiningu á hlutverki endurskoðenda og setja strangari reglur fyrir endurskoðendur almennt. Tilgangur þessa regluverks er að auka óhæði endurskoðenda og gæði endurskoðunar. Þá er ætlunin að styrkja eftirlit með endurskoðun og að draga úr fákeppni á markaði með því m.a. að breyta eignarheimildum á endurskoðunarfyrtækjum.

Jafnframt leggur Framkvæmdastjórnin til að einn Evrópumarkaður verði skapaður fyrir lögboðna endurskoðun sem mun veita endurskoðendum heimild til að bjóða þjónustu sína um alla Evrópu svo fremi sem endurskoðandinn sé lög-giltur endurskoðandi í viðkomandi landi innan sambandsins. Einnig eru settar fram tillögur um að styrkja og bæta skipulag á eftirliti með endurskoðun innan Evrópusambandsins. Að mati Framkvæmdastjórnarinnar ættu þessar tillögur að bæta gæði á lögboðinni endurskoðun og skapa aukið traust á endurskoðun á ársreikningum.

Samkvæmt Michel Barnier, framkvæmdastjóra markaðs- og þjónustusviðs Evrópusambandsins, hefur traust fjárfesta á endurskoðun veikt töluvert í kjölfar kreppunnar og telur hann að breytingar á þessu sviði séu nauðsynlegar. Fjármálakreppan 2008 hafi leitt í ljós verulega ágalla á evrópska endurskoðunarumhverfinu og regluverki þess. Það þurfi að endurvekja trú manna á því að ársreikningar fyrirtækja gefi glögga mynd. Þessar tillögur taka á veikleika innan endurskoðunarmarkaðarins með því að fyrirbyggja hagsmunaárekstra, tryggja óhæði og sterkt eftirlit ásamt því að opna markað um endurskoðunarverkefni sem hefur til þessa verið lokaður öðrum en stærri endurskoðunarfyrtækjum (B4) Deloitte ehf., Ernst & Young ehf., KPMG ehf. og PricewaterhouseCoopers ehf.

### Bakgrunnur:

Endurskoðendum er treyst, samkvæmt lögum, til að gefa álit á ársreikningi fyrirtækja og að þeir gefi glögga mynd af afkomu þess fyrirtækis sem lagt er fram til endurskoðunar. Efnahagskreppan leiddi í ljós galla á lögboðinni endurskoðun sérstaklega hvað varðar banka og fjármálfyrirtæki. Áhyggjur

af hagsmunaárekstrum hafa verið hafðar uppi sem og möguleikar af kerfisbundinni áhættu þar sem fjögur stór fyrirtæki B4 hafa í raun verið allsráðandi á markaðnum.

### Meginatriði tillögunnar:

Framsettar tillögur um lögboðna endurskoðun fyrir félög tengd almannahagsmunum (PIE) svo sem banka, tryggingarfyrtæki og skráð félög hafa í för með sér breytingar sem eiga að auka óhæði endurskoðenda og koma í veg fyrir fákeppni á markaði lögboðinnar endurskoðunar. Aðalbreytingar hvað þetta varðar eru eftirfarandi:



**Skylda til útskiptingar á endurskoðunarfyrtækjum:** Endurskoðunarfyrtæki má að hámarki þjóna fyrirtæki tengdu almannahagsmunum í sex ár samfelldt (+ 2 ár með sérstökum undantekningum). Endurskoðunarfyrtæki skal ekki annast endurskoðun fyrir viðkomandi fyrirtæki næstu 4 árin þar á eftir. Ef um er að ræða sameiginlega endurskoðun tveggja endurskoðunarfyrtækja þá skal skipta um endurskoðendur á 9 ára fresti (+ 3 ár ef undantekning fæst). Sameiginleg endurskoðun er ekki lögbundin en hvatt er til að nota hana sem víðast.

**Útboðsskylda:** Félög tengd almannahagsmunum (PIE) er skylt að viðhafa opið útboð í vali endurskoðenda. Endurskoðunarnefnd (viðkomandi félags) skal taka þátt í vali á endurskoðunarfyrtækjum. Í útboðinu skal ganga út frá því að a.m.k. eitt endurskoðunarfyrtæki sé smærri í sniðum (utan B4).

**Þjónusta utan endurskoðunar:** Endurskoðunarfyrtækjum er

ekki heimilt að bjóða upp á aðra þjónustu en endurskoðun til þeirra viðskiptavina sem sæta lögboðinni endurskoðun. Ástæðan er sú að slík þjónusta er talin geta haft áhrif á óhæði endurskoðunarfyrirtækisins. Svo virðist sem öll skattþjónusta falli hér undir. Einnig tryggingarsérfræðiþjónusta, áhættumat, ráðgjöf við innra eftirlit og tölvuþjónusta. Önnur þjónusta þarf að vera fyrirfram samþykkt af endurskoðunarnefnd eða eftirlitsaðilum. Þar á meðal er mannauðsstjórnun, sérstakar yfirlýsingar (e. Comfort Letters) og áreiðanleikakannanir. Að auki eru stærri endurskoðunarfyrirtæki skyldug til að aðskilja endurskoðun frá allri annarri þjónustu sem fyrirtækið býður upp á. Endurskoðunarfyrirtæki með meira en 1/3 af tekjum sínum vegna endurskoðunar félaga tengda almannahagsmunum (e. Large Public Entities) og eru í alþjóðasamtökum sem starfa í Evrópu þar sem tekjur þeirra eru hærra en 1.5 milljarðar Evra munu þurfa að aðskilja ráðgjafaþjónustu sína frá endurskoðunarþjónustu í sér fyrirtæki. Eignarhald og nöfn þessara eininga skal vera alfarið fyrir utan alþjóðasamtökin og/eða endurskoðunarhlutann. Þau fyrirtæki hafa einungis leyfi til þess að taka að sér endurskoðun. Til þessa, er óljóst hvort þetta nær jafnframt yfir ýmis önnur störf tengd endurskoðun svo sem staðfestingarvinnu. Óheimilt verður að hafa ákvæði í samningum milli aðila sem hygglir B4.

*Stjórnun og eftirlit með endurskoðendum innan Evrópu:* Þar sem mikilvægi endurskoðunarþjónustunnar er tengt alþjóðlegum hagsmunum, er nauðsynlegt að tryggja samhæfni og samvinnu á eftirliti með allri endurskoðun og hafa í huga bæði gæðakröfur innan Evrópu sem og alþjóðlegar. Í því sam-

hengi leggur Framkvæmdastjórnin til að allt eftirlit endurskoðunar sé samkvæmt reglum markaðs- og verðbréfadeildar Evrópusambandsins (ESMA).

*Stuðla að því að endurskoðendur geti boðið þjónustu sína um alla Evrópu:* Framkvæmdastjórnin leggur til einn opinn endurskoðunarmarkað fyrir alla Evrópu. Þetta er gert með því að kynna til sögunnar Evrópuskírteini fyrir endurskoðendur. Þetta skírteini mun heimila endurskoðunarfyrirtækjum að bjóða þjónustu sína hvar sem er innan Evrópusambandsins og skal öll lögbundin endurskoðun fara eftir alþjóðlegum reglum. Evrópskur gæðastimpill fyrir endurskoðunarfyrirtæki verður kynntur – til að opna markaði.

*Að lögbundin endurskoðun smærri og meðalstórra fyrirtækja sé aðlöguð að þörfum þeirra.* Gert er ráð fyrir skylduinnleiðingu á alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum og að þeir verði aðgengilegir við endurskoðun allra fyrirtækja óháð stærð þeirra.

Á næstu mánuðum verða tillögurnar lagðar fyrir Evrópuþingið til umfjöllunar og frekari skoðunar. Gera má ráð fyrir að þessar breytingar geti tekið allt að 3 ár, eftir því hvort um er að ræða breytingar á tilskipun eða lögum Evrópusambandsins. Tillögur EB má finna hér [http://ec.europa.eu/internal\\_market/auditing/reform/index\\_en.htm](http://ec.europa.eu/internal_market/auditing/reform/index_en.htm)

Sigurður B. Arnþórsson

## Morgunkorn

Morgunkornin byggjast á fræðilegri innlögn fyrirlesara en síðan eru lögð fram verkefni eða raundæmi sem þátttakendum er ætlað að fjalla um í hópum. Morgunkornin hefjast með morgunmat kl. 8:00 og standa til kl. 10:00, þar af leiðir að kornin gefa 2 endurmenntunareiningar fyrir þátttöku. Á árinu 2011 voru haldin þrjú morgunkorn.

### Morgunkorn um tengda aðila

Jón Rafn Ragnarsson endurskoðandi hjá Deloitte ehf. tók að sér að fjalla um efnið þann 17. febrúar 2011, en það var Endurskoðunarnefnd FLE sem hafði veg og vanda að undirbúningi. Fjallað var um endurskoðunarstaðal ISA 550 og farið í skilgreiningar á tengdum aðilum skv. endurskoðunarstöðlum og reikningsskilareglum. Alls voru 39 manns sem tóku þátt og fengu 2 endurmenntunareiningar í endurskoðun.

### Morgunkorn um ágalla ársreikningalaga

Stefán Svavarsson kennari við Háskólann á Bifröst í samvinnu við Reikningsskilanefnd FLE tók að sér að fjalla um ýmsa ágalla á ársreikningalögum og hvaða þýðingu þeir geta haft. Morgunkornið var haldið 17. mars 2011. Alls voru 39 manns sem tóku þátt og uppskáru 2 endurmenntunareiningar í reikningsskilum.

### Morgunkorn um stofnun og slit félaga

Sigurjón Högnason og Jónas Rafn Tómasson lögfræðingar hjá KPMG ehf. stóðu að morgunkorni um stofnun og slit félaga – félagaréttarleg og skattaréttarleg álítaefni. Það var haldið 20. október og gaf 2 einingar í flokknum skatta- og félagraéttur. Þátttakendur voru 48.



## Að leggja inn réttindi sín

*Pálína Árnadóttir, endurskoðandi hjá Deloitte ehf.*

### Menntunarnefnd 2010-2011

Hvað þýðir það fyrir löggiltan endurskoðanda að leggja inn réttindi sín? Hvað þýðir það fyrir hann ef réttindi hans eru felld niður samkvæmt ákvörðun ráðherra? Er hægt að sækja um réttindin aftur og hvaða kröfur þarf þá að uppfylla?

Í lögum nr. 79/2008 um endurskoðendur og í reglugerð nr. 30 frá 19. janúar 2011 er fjallað um möguleika endurskoðenda til að leggja inn réttindi sín og hvernig þeir geta öðlast réttindin aftur.

Endurskoðandi getur óskað eftir að leggja inn réttindi sín og þá falla niður réttindi hans og skyldur sem endurskoðanda, þar með talið að uppfylla endurmenntunarkröfur og þörf á að vera með starfsábyrgðartryggingu. Í 24. gr. laga nr. 79/2008 kemur þó fram að endurskoðandi geti ekki lagt inn réttindi sín ef mál hans eru til meðferðar hjá Endurskoðunarráði, fyrr en þeirri málsmeðferð er lokið.

Ráðherra getur felld niður réttindi endurskoðanda, ef hann fullnægir ekki skilyrðum löggildingar eða að tillögu Endurskoðendaráðs. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 79/2008 skal endurskoðandi, þar sem réttindi hans hafa verið felld niður eða hann óskað eftir að leggja þau inn, skila án tafar löggildingarskrifteini til ráðuneytisins.

Í þeim tilvikum þar sem endurskoðandi hefur óskað eftir að leggja inn réttindi sín, skal veita honum þau á ný eftir umsókn hans, án endurgjalds ef hann fullnægir öllum skilyrðum til að njóta þeirra og sanni að hann hafi uppfyllt endurmenntunarkröfur þriggja ára tímabils. Þetta þýðir að viðkomandi þarf að sýna fram á hundrað og tuttugu klukkustunda endurmenntunareiningar, sem teknar hafa verið innan þriggja ára tímabils og þarf endurmenntunin að vera í takt við nýja reglugerð um endurmenntun.

Samkvæmt reglugerðinni þarf að lágmarki að skila þrjátíu einingum í endurskoðun, tuttugu í reikningsskilum, fimm-tán í skattskilum og tíu vegna siðareglna og faglegra gilda. Einingarnar fjörutíu og fimm sem útaf standa ( $120 - 30 - 20 - 15 - 10 = 45$ ), getur endurskoðandinn valið í hvaða ofangreinda flokka þær falla.

Krafan er einungis að endurmenntunin hafi farið fram innan þriggja ára, en getur að sjálfsögðu verið tekin á mun styttri


tíma. Hér gilda einnig sömu reglur varðandi staðfestanlegar og óstaðfestanlegar einingar, þ.e. að minnsta kosti 60 einingar þurfa að vera staðfestanlegar.

Hafi hins vegar réttindi endurskoðanda verið felld niður getur einstaklingur óskað eftir endurnýjun á þeim, enda fullnægir hann öllum skilyrðum til löggildingar. Skal þá veita honum réttindin standist hann próf að nýju til löggildingar. Ráðherra getur, að fengnum tillögum endurskoðendaráðs, veitt undanþágur frá ákvæðinu.

Ávinningurinn við að leggja inn réttindi sín, felst í að ekki er þörf á að uppfylla endurmenntunarkröfur eða ákvæði um starfsábyrgðartryggingar. Hægt er að sækja aftur um réttindin með því að uppfylla endurmenntunarkröfur þriggja ára. Kostnaðurinn við umsóknina er að viðkomandi þarf að leggja út fyrir námskeiðum sem samsvara þriggja ára endurmenntun. Hins vegar ef réttindin eru felld niður af því að viðkomandi uppfyllti ekki skyldur sínar sem endurskoðandi þarf hann að taka aftur próf til löggildingar og greiða þann kostnað sem tilheyrir þeim prófum.

*F.h. Menntunarnefndar 2010-11  
Pálína Árnadóttir*

### Félagsmenn FLE 2009-2011



## Könnun á árshlutareikningi ISRE 2410 og ISRE 2400

### Endurskoðunarnefnd FLE 2010-2011 tók saman

Þann 3. nóvember s.l. hélt endurskoðunarnefnd félagsins námskeið þar sem meðal annars var farið yfir alþjóðlega staðla vegna könnunar á árshlutareikningum og ársreikningum. Staðlarnir sem um er að ræða eru annars vegar ISRE 2410 "Review of interim financial information performed by the independent auditor of the entity" og hins vegar ISRE 2400 "Engagements to review financial statements". Staðlarnir eru um margt líkir enda fjalla þeir báðir um könnun á sögulegum fjárhagsupplýsingum en það eru þó nokkur mikilvæg atriði sem greina þá að. Í þessari grein verður fjallað nokkuð ítarlega um efni ISRE 2410 og er greinin sett fram í samræmi við uppbyggingu staðalsins. Í lok greinarinnar verður stiklað á stóru varðandi helstu atriði sem eru frábrugðin í ISRE 2400.

#### ISRE 2410 Review of interim financial information performed by the independent auditor of the entity

##### Kynning

Tilgangur ISRE 2410 er að setja fram reglur um hvernig endurskoðandi getur tekið að sér verkefni um að kanna árshlutareikning og einnig form og innihald þeirrar áritunar sem lögð er fram í tengslum við slíka könnun. Staðallinn afmarkast við könnun árshlutareikninga sem framkvæmd er af óháðum endurskoðanda einingarinnar en fjallar ekki um könnun ársreiknings af fagaðila sem ekki er endurskoðandi einingarinnar, ISRE 2400 fjallar um slíka könnun. Könnun árshlutareikningsins getur bæði verið á reikninginn í heild sinni eða samandregna útgáfu en miðað er við tímabil sem er styttra en heilt reikningsár. Í staðlinum kemur fram að með því að aðlagga hann getur endurskoðandi einingarinnar notað hann við könnun á öðrum sögulegum fjárhagsupplýsingum þar með talið ársreikningi. Af þessu leiðir að ef kjörinn endurskoðandi einingarinnar er, af einhverjum ástæðum, fenginn til að kanna ársreikning einingarinnar þá ber honum að haga vinnu sinni í samræmi við ISRE 2410 og vísa í árituninni í þennan staðal en ekki ISRE 2400.

##### Undirstöðuatriði könnunar samkvæmt ISRE 2410

Endurskoðandinn skal fylgja IFAC code of ethics, þ.e. siðareglum FLE. Endurskoðandinn skal innleiða gæðakerfi sem tryggir gæði verkefnisins (e. Implement quality control procedures). Endurskoðandinn skal ávallt hafa það í huga að verulegar skekkjur geta verið til staðar í árshlutareikningnum sem þarfnast leiðréttingar en slíkt hugafar er að jafnaði kallað fagleg tortryggni eða fagleg efahyggja (e. Professional scepticism).

##### Markmið og umfang könnunar samkvæmt ISRE 2410

Markmið með könnun árshlutareiknings er að gera endurskoðanda kleift að setja fram ályktun, byggða á þeim aðgerðum sem hann hefur framkvæmt. Markmið og umfang könnunar er frábrugðin endurskoðun ársreiknings samkvæmt ISA og sérstaklega skal kveðið á um það í áritun óháðs endurskoðanda einingarinnar. Vegna þessa misræmis í umfangi og markmiði á milli könnunar og endurskoðunar, gætu verið til staðar villur eða skekkjur í könnuðum árshlutareikningi, sem ella hefðu komist upp við endurskoðun. Óháður endurskoðandi einingarinnar gefur út ályktun á reikningsskilin en í endurskoðun álit.



Endurskoðunarnefnd að störfum með framkvæmdastjóra. Frá vinstri: Hrafnhildur, Helga, Sigurður, Jón Rafn og Davíð Arnar.

##### Skilmálar könnunar samkvæmt ISRE 2410

Endurskoðandinn og viðskiptavinurinn skulu samþykkja skilmála verkefnisins. Venjulega eru skilmálar verkefnisins skráðir í ráðningarbréf eða á öðru formi sem báðir aðilar eru ásáttir um. Algengt er að í ráðningarbréfi vegna endurskoðunar sé jafnframt fjallað um könnun árshlutareikninga.

##### Könnunaraðgerðir (þekking á einingunni og umhverfi hennar)

Endurskoðandinn á að hafa skilning á einingunni og umhverfi hennar. Í því felst, meðal annars, að þekkja og skilja innra eftirlit einingarinnar er tengist gerð árshlutareikningsins. Endurskoðandinn verður að meta þær breytingar sem hafa orðið á innra eftirlitinu frá því að endurskoðun síðasta ársreiknings var framkvæmd og fram til þess að könnunin var framkvæmd.



Ef endurskoðandi einingarinnar hefur hvorki framkvæmt endurskoðun ársreiknings né könnun árshlutareiknings áður ber honum að kynna sér eininguna ásamt umhverfi hennar áður en hann kannar árshlutareikninginn í fyrsta skiptið.

Endurskoðandinn ber ábyrgð á könnun dótturfélaga og annarra mikilvægra eininga innan samstæðunnar. Í því felst að ákvarða umfang og tímasetningu könnunar þeirra, ef það á við.

### **Könnunaraðgerðir (fyrirspurnir, greiningaraðgerðir og aðrar viðeigandi könnunaraðgerðir)**

Könnun árshlutareiknings krefst ekki, að jafnaði, þess að endurskoðandinn framkvæmi prófanir á fjárhagsupplýsingum með skoðunum (e. Inspection), athugunum (e. Observation) eða með staðfestingum frá þriðja aðila (e. Confirmation). Könnunaraðgerðir árshlutareiknings byggja aðallega á fyrirspurnum til aðila sem eru ábyrgir fyrir fjárhagsupplýsingum, greiningaraðgerðum og öðrum könnunaraðgerðum sem endurskoðandinn telur nauðsynlegar til að byggja áritun sína á. Skilningur endurskoðandans á einingunni og umhverfi hennar, þar með talið innra eftirlit, áhættumat endurskoðunar ársreiknings fyrra árs ásamt setningu mikilvægismarkna hefur áhrif á umfang og tegundir aðgerða sem framkvæmdar eru við könnunina. Endurskoðandinn skal ganga úr skugga um að árshlutareikningurinn sé í samræmi við bókhald einingarinnar.

Við framkvæmd greiningaraðgerða þarf að leggja áherslu á að skoða tengsl liða og einstaka atburði sem eru óvenjulegir og sem gætu bent til þess að í árshlutareikningnum séu verulegar skekkjur. Þetta gæti verið útreikningur á hlutfalli, aðhvarfsgreining o.s.frv.

Endurskoðandinn þarf ekki, að jafnaði, að eiga bein samskipti við lögfræðinga einingarinnar varðandi mál sem eru fyrir dómi, kærur eða önnur mál sem gætu skapað kröfur á hendur einingunni. Hins vegar væri það viðeigandi ef endurskoðandinn hefur ástæðu til að ætla að lögfræðingurinn hafi vitneskju sem getur varpað ljósi á það hvort í árshlutareikningnum séu verulegar skekkjur eða ekki.

Endurskoðandinn ætti að spyrja viðeigandi stjórnendur hvort öll mikilvæg atriði frá reikningsskiladegi til áritunardags, sem gætu haft áhrif á árshlutareikninginn, hafi verið réttilega framsett í árshlutareikningnum.

Endurskoðandinn skal skoða hvort rekstrarhæfi einingarinnar sé í hættu. Það skal gert aðallega með fyrirspurnum til stjórnenda. Ef endurskoðandinn kemst að því að rekstrarhæfi er í hættu skal hann leggja fram fyrirspurnir um þær áætlanir sem sýna fram á hvernig áframhaldandi rekstrarhæfi sé tryggt.

Ef við könnunaraðgerðir vaknar grunur um að í árshlutareikningnum séu verulegar skekkjur, skal endurskoðandinn framkvæma frekari aðgerðir sem geta falið í sér annars konar

aðgerðir en venjubundnar könnunaraðgerðir gera ráð fyrir. Þetta gætu verið aðgerðir sem eru meira í líkindum við aðgerðir sem framkvæmdar eru í endurskoðun.

### **Skekkjur og mat á þeim**

Endurskoðandinn skal meta óleiðréttar skekkjur sér og samantlagðar, hvort sem þessar skekkjur eru skráðar sem endurskoðunarmunur eða ekki. Endurskoðandi einingarinnar ber einnig að meta allar skekkjur sem hafa verið leiðréttar. Við matið á mikilvægi skekkja þarf endurskoðandinn að horfa til bæði huglægra og hlutlægra þátta. Skekkjur sem eru óskráðar sem endurskoðunarmunur sem og leiðréttar skekkjur gætu til að mynda bent til verulegs veikleika á innra eftirliti einingarinnar og/eða sviksemi. Af þeim sökum er mikilvægt að endurskoðandinn meti allar skekkjur sem upp koma, skrái niðurstöðu matsins á þeim og hafi það sem hluta af vinnugögnum sínum.

### **Staðfesting stjórnenda**

Endurskoðandinn skal fá skriflega staðfestingu frá stjórnendum á ákveðnum atriðum er tengjast árshlutareikningnum.

### **Ábyrgð endurskoðanda á upplýsingum í gögnum sem fylgja árshlutareikningnum**

Endurskoðandinn skal fara yfir þær upplýsingar sem fylgja með árshlutareikningnum og athuga hvort þær séu í verulegu ósamræmi við upplýsingar í árshlutareikningnum. Ef rangar upplýsingar eru til staðar, hvort sem um er að ræða í árshlutareikningnum eða í gögnum sem fylgja honum og stjórnendur neita að leiðrétta þær, skal endurskoðandinn kom því á framfæri við stjórn.

### **Samskipti**

Ef skekkja reynist vera í árshlutareikningnum og hún reynist vera yfir ákvörðuðum mikilvægismörkum skal endurskoðandinn:

- Koma því á framfæri við viðeigandi stjórnendur.
- Koma því á framfæri við stjórn ef engar leiðréttingar eru gerðar á árshlutareikningnum.

Ef stjórn gerir ekki viðeigandi breytingar eftir tilmæli frá endurskoðandanum skal hann gera viðeigandi ráðstafanir, en þær eru:

- Breyta árituninni.
- Hugsanlega segja sig frá verkefninu.
- Hugsanlega segja sig frá því að vera óháður endurskoðandi einingarinnar, þar með talið að segja sig frá endurskoðun ársreiknings.

Ef upp kemst um sviksemi við könnun eða í ljós koma atriði sem gætu bent til þess að sviksemi sé til staðar eða að einingin hafi ekki farið eftir lögum eða reglum, ber endurskoðandanum að koma því á framfæri við viðeigandi stjórnendur. Honum ber einnig að skoða áhrif þess á framkvæmd könnunarinnar.

## Áritun óháðs endurskoðanda

Endurskoðandinn skal koma á framfæri niðurstöðum sínum í formi áritunar. Þessi áritun inniheldur ályktun, sem er neikvæð staðfesting, en ekki álit á árshlutareikningnum. Ákveðin atriði geta komið upp við könnunina sem geta kallað á aðra ályktun en fyrirvaralausla og/eða á viðbótarmálgrein, en þessi atriði gætu verið:

- Frávik frá gildandi reikningsskilareglum;
- Takmörkun á umfangi könnunarinnar, hvort sem um er að ræða fyrir tilstuðlan stjórnenda eða af öðrum sökum;
- Óvissa um áframhaldandi rekstrarhæfi eða önnur veruleg óvissa;
- Önnur atriði.

## Skráning

Endurskoðandinn skal skrá aðgerðir sínar og safna þeim gögnum sem hann telur nauðsynleg til að komast að ályktun sinni og sannar að könnunin hafi verið framkvæmd að öllu leyti í samræmi við ISRE 2410. Lykilatriðið er að skráning aðgerða og gögnin eiga að vera þess eðlis að annar reyndur endurskoðandi, sem hefur ekki komið að könnuninni, getur skoðað skráninguna og gögnin og skilið eðli, tímasetningu og umfang aðgerða sem framkvæmdar voru ásamt þeirri niðurstöðu sem úr þeim kom.

## ISRE 2400 Engagements to review financial statements

ISRE 2400 fjallar um könnun á reikningsskilum sem framkvæmd er að fagaðila, öðrum en endurskoðanda einingarinnar. Tilgangur staðalsins er að setja fram reglur um það hvernig fagaðili, sem ekki er endurskoðandi viðkomandi einingar, getur tekið að sér verkefni um að kanna ársreikninga/reikningsskil og einnig um form og innihald áritunar þessa aðila. Ef hins vegar er um að ræða endurskoðanda einingarinnar á hann að haga vinnu sinni í samræmi við ISRE 2410.

Hvergi í staðlinum er fjallað beint um innra eftirlit heldur skal fagaðili, í skipulagningu könnunarinnar, afla eða uppfæra þekkingu sína á starfsemi einingarinnar, þar á meðal bókhaldskerfum, eðli starfseminnar og eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Í ISRE 2410 er gengið út frá því að könnunin sé framkvæmd af endurskoðanda einingarinnar og að hann búi yfir þekkingu á einingunni og umhverfi hennar þ.m.t. innra eftirliti í gegnum vinnu sína sem endurskoðandi félagsins.

IAASB (International Auditing and Assurance Standards Board) hefur gefið út drög að nýjum ISRE 2400. Þar eru lagðar til talsverðar breytingar á staðlinum, en þó ekki efnislegar. Drögin að nýjum staðli eru mun ítarlegri og er framsetning hans með svipuðum hætti og endurbættir endurskoðunarstaðlar (e. Clarity Project). Í drögunum er jafnframt búið að undirstrika það að þessi staðall eigi ekki við um endurskoðendur einingarinnar og skilgreina betur hverjir geti fallið undir hugtakið fagaðilar.

*Sigríður Helga Sveinsdóttir, Helga Harðardóttir,  
Dávíð Arnar Einarsson og Jón Rafn Ragnarsson*



## Starfsemi FLE

*Sigurður B. Arnþórsson framkvæmdastjóri FLE*

### Inngangur

Öllum má ljóst vera að umfang og umsvif FLE hefur vaxið umtalsvert á síðast liðnum árum og ekki síst með tilkomu nýrra laga um endurskoðendur sem tóku gildi í ársbyrjun 2009. Jafnframt hefur verið leitast við að endurspeglar óskir félagsmanna um aukin umsvif og starfsemi innan félagsins, atriði sem komu fram í stefnumótunarvinnu á sínum tíma.

Ef við horfum til síðasta áratugar þá hefur innleiðing og upptaka alþjóðlegra staðla gert það að verkum að félagið hefur þurft að efla samskipti sín á erlendum vettvangi, til þess að vera betur undirbúið og meðvitað um hvað væri framundan í þeim efnum. Má segja að ekki veiti af ef litið er til þeirrar umfjöllunar um starfsumhverfi endurskoðenda sem verið hefur í gangi innan EB undanfarið.

Þess má svo jafnframt geta að á þessum sama áratug hefur félagsmönnum fjölgað um hvorki meira né minna en 48% eða úr um 250 í 370 og konum þar af úr 40 í um 80 eða 100%.

### Útgáfa

Í tilefni af 75 ára afmæli FLE á síðastliðnu ári, voru gefnar út tvær vandaðar bækur. Annars vegar með æviskrám endurskoðenda og hins vegar bók um sögu félagsins, sem er afar merki- leg söguleg heimild í viðskiptasögu þjóðarinnar. Að auki stóð félagið fyrir veglegri afmælisráðstefnu síðastliðið haust, haldið var upp á sjálfan afmælisdaginn í fyrrasumar og af því tilefni gefið út sérstakt afmælisblað. Lætur nærri að heildarkostnaður af þessu tilefni hafi verið um 20 milljónir og sýnir hversu stórhuga félagið hefur verið.



*Framkvæmdastjórinn í kunnuglegum stellingum*

Eftir að ráðuneyti efnahags- og viðskiptamála staðfesti siðareglur félagsins síðastliðinn vetur var ákveðið að gefa þær út í vönduðu prentuðu formi. Jafnframt voru siðareglurnar vistaðar á heimasíðu félagsins þar sem möguleiki er að nálgast þær. Á liðnu starfsári gaf félagið einnig út bæklinginn Endurskoðandinn, umhverfi, hlutverk og ábyrgð, til að kynna starf endurskoðenda.

### Endurmenntun

Fjöldi endurmenntunareininga sem félagið býður nú upp á hefur þrefaldast á þremur árum og lætur nærri að FLE standi nú fyrir að meðaltali einum atburði á þriggja vikna fresti í stað eins á átta vikna fresti og eru hádegisverðarfundir þá ekki meðtaldir. Þessi mikla aukning hefur leitt af sé meiri fjölbreytni í námskeiðahaldi bæði hvað varðar efnisval, framsetningu og fyrirkomulag. Nú er komið ákveðið jafnvægi í framboð og fjölda



*Gæðanefnd ásamt framkvæmdastjóra á kafi í vinnu. Frá vinstri: Guðný Helga, Valgerður, Sigurður og Bryndís Björk.*

námskeiða og ráðstefna. Framundan verður því lögð áhersla á umgjörð, efnisval og stefnt að markvissara skipulagi námsframboðs. Það má segja að við séum þegar byrjuð að undirbúa þetta því nú er komið viðburðadagatal á heimasíðuna þar sem hægt er að fletta upp á atburðum framundan.

Að undanförunu höfum við haft til skoðunar að vera með einhvers konar FLE dag eða daga í röð þar sem keyrður væri,

ákveðinn fjöldi námskeiða sem væru í bland bæði eins og tveggja tíma. Hugmyndin er sú að félagsmenn geti valið og búið þannig til sína eigin dagskrá.

### Descartes

Á síðasta aðalfundi hafði félagið nýlega gengið frá samningi við Norska endurskoðendasambandið vegna kaupa 27 smærri endurskoðunarfyrirtækja á Descartes endurskoðunarhugbúnaðinum. Síðastliðið vor var síðan í samráði við DnR undirritaður samstarfssamningur við eitt þessara fyrirtækja, Íslenska endurskoðendur ehf, sem mun annast þjónustu við notendur Descartes á Íslandi og jafnframt í samstarfi við FLE standa fyrir frekari kynningum og námskeiðahaldi. Á næstunni mun félagið ásamt sínum samstarfsaðila standa fyrir kynningu á nýjungum fyrir notendur hér á landi. Þær breytingar sem munu verða virkar á næstunni tengjast vinnu endurskoðanda við kannanir og gerð óendurskoðaðra reikningsskila og þeim kröfum sem alþjóðlegir staðlar gera í þeim efnum.

### Ársreikningalögin

Á liðnu starfsári kallaði félagið eftir ábendingum og tillögum frá félagsmönnum varðandi lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu þeirra. Reikningsskilanefnd félagsins hefur haft veg og vanda af þessari vinnu og liggur nú á borðinu yfirgripsmikil skýrsla sem hefur verið afhent efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, en meginefni hennar var kynnt félagsmönnum á Reikningsskiladegi nú í haust.

### Skýrsla EVR

Í janúar 2011 kom út skýrsla nefndar á vegum efnahags- og viðskiptaráðherra um málefni endurskoðenda.

Í skipunarbréfi nefndarinnar kom fram að henni væri ætlað að fara heildstætt yfir lög og reglur sem gilda um endurskoðendur og í þeim tilgangi að horfa til helstu nágrannaríkja og umræðu á Evrópuvettvangi. Sérstaklega var áréttað að nefndin ætti að hafa til hliðsjónar hvað betur hefði mátt fara í aðdraganda hruns viðskiptabankanna.

Af þeim atriðum sem fram koma í skýrslunni og snúa að félaginu og félagsmönnum mætti helst nefna að nefndin leggur til að þau verkefni sem hafa verið falin FLE með lögum verði færð til opinberra aðila og í tengslum við það verði skylduáðild að félaginu skoðuð. Í annan stað að gerð verði breyting á fyrirkomulagi stjórnsýslu og eftirliti með endurskoðendum og í þriðja lagi að ráðuneytið kanni hvort innleiðing alþjóðlegra endurskoðunarstaðla sé með fullnægjandi hætti og að sett verði heildarlöggjöf um endurskoðun.

Nefndin leggur síðan áherslu á að ráðuneytið fylgist náið með þróun málefna endurskoðenda og sjái til þess að löggjöf hendlendis verði með sambærilegum hætti og í nágrannaríkjum okkar. Hér má gera ráð fyrir að nefndin sé að vísa til þeirrar umræðu sem við þekkjum öll og hefur m.a. verið í gangi innan Evrópusambandsins.

Ekki hefur farið mikið fyrir þessari skýrslu eða umræðu um hana eftir að hún birtist nema þá helst meðal okkar endurskoðenda sjálfra. Félagið hefur aftur á móti komið á framfæri við ráðuneytið þeirri umræðu sem átt hefur sér stað innan NRF og FEE sem tengist umræðunni innan EB og lagt á það áherslu að niðurstaðan hérlendis taki mið af því, en sum þeirra atriða sem fram koma í skýrslu ráðuneytisins er einnig fjallað um í skýrslu EB.

Varðandi þau atriði sem fram koma í skýrslunni verður samt ekki fram hjá því horft að sú skoðun nefndarinnar að óvissa um lagalegt gildi alþjóðlegra endurskoðunarstaðla hafi eðlilega valdið ákveðnum óróa meðal félagsmanna. Við verðum því að snúa bókum saman og berjast fyrir því að það leiki enginn vafi á því að alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar gildi hér á landi svo almenningur geti treyst því að við störfum öll undir sömu kröfum og að við framkvæmum vinnu okkar með sambærilegum hætti.

### Aukaáðild

Stjórn félagsins lagði fram tillögu á aðalfundi FLE, um aukaáðild endurskoðunarnema að félaginu og var hún samþykkt. Umræða um þessi mál hefur skotið upp kollinum öðru hvoru á undanförunum árum og var því ákveðið að kanna nánar hvernig þessum málum væri háttað meðal félaga okkar innan NRF. Reynsla systurfélaga okkar á Norðurlöndunum af slíkri áðild hefur verið góð og gefur ýmsa möguleika á því að sinna mál-efnum nema með markvissari hætti. Með þessu getur myndast gott samstarf við nema sem verðandi félagsmenn og verður áðild þeirra þróuð í samvinnu milli þeirra sjálfra og stjórnar.

### Erlent samstarf

Erlent samstarf er afar mikilvægt svo litlu félagi sem okkar m.a. vegna þess að okkur er gert að starfa eftir alþjóðlegum stöðlum bæði hvað varðar reikningsskil og endurskoðun. Sérstaklega vil ég undirstrika mikilvægi erlends samstarfs í ljósi þeirra miklu breytinga og krafna sem EB er að setja fram. Það er okkur því nauðsynlegt að vera vel undirbúin og meðvituð til að geta myndað okkur skoðun og haft áhrif á þá umræðu hér heima og þá ekki síður á alþjóðlegum vettvangi.

Á rétt rúmu ári höfum við fengið hingað til landsins tvo forseta FEE og núverandi forseta IFAC til þess að flytja erindi á ráðstefnum sem félagið hefur staðið fyrir. Þar fyrir utan hefur slíkt samstarf opnað okkur dyr á undanförunum árum til að fá til okkar góða erlenda gesti á fundi og ráðstefnur.

Innan NRF og FEE eru starfandi hinar ýmsu nefndir og starfshópar sem félagsmönnum stendur til boða að taka þátt í en við höfum gert lítið af. Sú breyting varð þó á þessu ári að einn úr okkar röðum gaf kost á sér í vinnuhóp innan NRF sem mun fjalla um „integrated reporting“. Þátttaka í slíku starfi gefur okkur tækifæri á að auka þekkingu okkar og viðsýni.

### Að lokum

Ég vil hér að lokum þakka öllum nefndum félagsins fyrir ánægjulegt samstarf síðastliðið ár sem og stjórn félagsins.

*Sigurður B. Arnþórsson*



## Skattlagning arðstekna

*Steingrímur Sigfússon, löggiltur endurskoðandi hjá KPMG ehf.*

Frá upptöku fjármagnstekjuskatts á árinu 1997 og allt fram til ársins 2010 voru arðstekjur skattlagðar hjá eigendum hlutafjár eins og hverjar aðrar fjármagnstekjur. Skattlagningin var algjörlega óháð því hve stóran eignarhluta hluthafinn átti í því félagi sem greiddi út arðinn og einnig óháð því hvort hann starfaði hjá félaginu eða ekki.

### Lagabreyting 2009

Í frumvarpi að lögum um tekjuöflun ríkisins sem lagt var fram á Alþingi í nóvember 2009 kemur fram vilji ríkisstjórnarinnar til að breyta skattlagningu arðs þannig að gerður verði greinarmunur á skattlagningunni eftir því hvernig eignarhaldi félaganna er háttað.

Samkvæmt athugasemdum með frumvarpinu er tilgangur með tillögunni að bregðast við því að launagreiðslum til ráðandi manns í félagi sé haldið í lágmarki á sama tíma og hann fái verulegar arðgreiðslur úr félaginu. Ennfremur segir að þessi aðferð við úttekt úr rekstri félaga hafi skapað óeðlilegt mismæmi í skattlagningu heildartekna á milli rekstrarforma og hafi þannig áhrif á ráðstöfunartekjur eigenda rekstrar, auk þess að skerða tekjur sveitarfélaga.

Í nefndaráli meirihluta efnahags- og skattanefndar vegna lagafrumvarpsins segir að tilgangurinn með þessari lagabreytingu hafi verið að koma á festu í framkvæmd reglna um reiknað endurgjald (þó er ekkert hreyft við þeim reglum) og jafnframt að bæta sveitarfélögum tekjumissi sem þau höfðu orðið fyrir



vegna þess hve margir höfðu fært einstaklingsrekstur í einkahlutafélög.

Rétt er þó að taka fram að þessi yfirfærsla einstaklingsrekstrar í einkahlutafélög var í fullu samræmi við 56. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. En tilgangur þeirrar lagasetningar var að auðvelda slíka yfirfærslu.

Fyrir lagabreytinguna á árinu 2009 voru þó í tekjuskattslögunum ákvæði sem áttu að tryggja að eigendur félaga sem starfa hjá þeim reiknuðu sér eðlileg laun og greiddu af þeim tekjuskatt. Í 2. mgr. 1. tölul. A-liðs 7 gr. er kveðið á um að maður sem vinnur í þágu félags sem hann hefur ráðandi stöðu í vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, skuli telja sér til tekna eigi lægra endurgjald fyrir starf sitt og hefði hann innt það af hendi fyrir óskyldan eða ótengdan aðila. Í 58 gr. sömu laga er síðan nánar kveðið á um ákvörðun launa við eigin atvinnurekstur.

Með þessum lagaákvæðum átti að vera tryggt að eigendur einkahlutafélaga myndu ekki reikna sér óeðlilega lág laun fyrir vinnu sína í þágu félagsins og mynda þannig hærri hagnað sem hægt væri að greiða út sem arð og með þeim hætti ná til sín fjármunum í lægra skattþrepi en ef um laun væri að ræða. Þrátt fyrir þetta var lagt til í frumvarpinu að skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald ættu að telja sér til tekna sem laun 50% af úthlutaðum arði sem er umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs.

Afleiðing framangreindra breytinga hlýtur því að verða sú að laun þessara aðila geta orðið mun hærri en þau hefðu orðið ef þeir væru starfandi hjá ótengdum aðila.

### Óskýrar reglur og óljós hugtök

Framangreind tillaga (lagasetning) byggir á forsendum reglna um reiknað endurgjald að því er varðar til hverra henni er ætlað að taka. Eins og áður segir eru reglur um reiknað endurgjald í 58. gr. laga um tekjuskatt, en þær eru mjög óskýrar um það hverjir skuli reikna sér endurgjald. Í því sambandi má nefna að hugtakið ráðandi aðili vegna eignar- og stjórnunaraðildar er óljóst og erfitt í framkvæmd. Einnig má benda á að ekki er alltaf ljóst hvort eigandi vinni hjá lögaðila. Hvað með aðila sem er eini eigandi félags sem á aðeins langtímaskuldabréf og engar breytingar verða á eignum þess á árinu og jafnvel ekki á næstu fimm árum. Eigandi félagsins er vissulega í stjórn þess og á grundvelli stjórnarsetu (sem er ólaunuð samkvæmt ákvörðun hluthafafundar) hefur hann séð um að félagið kaupir sérfræðipjónustu við gerð ársreiknings og skattframtals fyrir félagið. Vinnur þessi aðili hjá félaginu og er honum skylt að reikna sér endurgjald?

Hefði því ekki verið betra að laga reglur um það hverjir skuli reikna sér endurgjald og hvernig það skuli gert í stað þess að bæta ofan á óskýrar reglur sem þegar eru fyrir?

Breyttri skattlagningu samkvæmt frumvarpinu var ætlað að taka til úthlutaðs arðs yfir 20% skattalegs eigin fjár óháð því á hve löngum tíma það eigið fé hafði safnast upp. Þannig eiga starfandi hluthafar að sæta hærri skattlagningu ef félag úthlutar til þeirra hærri fjárhæð á margra ára fresti, en ef félagið úthlutar arði árlega. Í ákvæðinu eru einnig lagðar þyngri skattbyrgðar á hluthafa sem byggt hafa félög sín upp með eigin fé, en hluthafa félaga sem byggt hafa verið upp með lánsfé.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að það sé verið að skattleggja laun sem ekki hafa verið talin fram með réttum hætti í samræmi við reglur um reiknað endurgjald, en eðli launa er að greitt sé fyrir vinnuframlag. Skattlagningin gerir hins vegar ekki greinamun á því með hvaða hætti hagnaðurinn sem greiddur er út sem arður hefur myndast. Ekki er gerður greinarmunur á skattlagningu arðs hvort heldur sem hann byggir á hagnaði vegna sölu atvinnuhúsnæðis eða vinnuframlagi hluthafa.

Einnig var bent á að ekki kæmi fram í frumvarpi að lagatexta hvort sá hluti arðsins sem skattlagður yrði sem laun myndaði stofn til tryggingagjalds og lífeyrisiðgjalda og hvort um væri að ræða frádráttarbæran rekstrarkostnað. Í greinargerð með frumvarpinu kemur hins vegar skýrt fram að þessi hluti arðsins myndar stofn til tryggingagjalds og lífeyrisiðgjalda, en hvergi er fjallað um það hvort um frádráttarbæran rekstrarkostnað er að ræða.

### Skattalegt eigið fé

Einnig komu fram athugasemdir um að hugtakið „skattalegt bókfært eigið fé“ væri hvergi skilgreint í lögum, en í minnisblaði sem Ríkisskattstjóri sendi efnahags- og skattanefnd vegna frumvarpsins kom fram að samkvæmt orðanna hljóðan væri hér um að ræða eigið fé sem fram kemur í skattframtali, þ.e. mismunur á eignum og skuldum sbr. RSK 1.04. En er þetta svona sjálfsagt? Er þetta ekki bara gamli eignarskattsstofninn og kemur í sjálfu sér eigin fé ekkert við?

Á ekki frekar að finna út skattalegt eigið fé þannig að í stað fasteignamats fasteigna sé notað skattalegt verð þeirra samkvæmt skattalegri fyrningaskýrslu og í stað nafnverðs hlutfjár í öðrum félögum sé notað skattverð þeirra þ.e. upphaflegt kaupverð að frádræmnum hugsanlegum niðurfærslum frá fyrri árum. Í þessu sambandi má nefna að þessi aðferð er notuð í skattframtali þegar skattalegum skyldum og réttindum er skipt milli félaga skv. 2. mgr. 52. gr. tekjuskattslaganna.

Það að skattalegt eigið fé sé skilgreint með þessum hætti sem Ríkisskattstjóri tilgreinir getur haft veruleg áhrif á hvort arðgreiðsla félags fer yfir 20% eða ekki. Sem dæmi má nefna félag sem fjárfest hefur í eignarhluta í öðru félagi fyrir 100 millj. kr. á genginu 10. Nafnverð bréfanna er þá 10 millj. kr. og kemur þannig inn í skattalegt eigið fé, en án nokkurs vafa er skattalegt verð bréfanna 100 millj. kr.

Í þessu sambandi má hugsa sér dæmi þar sem félag hefur

fjárfest í öðru félagi eins og að framan greinir og fjármagnar það að fullu með eigin fé. Á ári eitt fær félagið síðan arð af hlutabréfaeigninni að fjárhæð 10,0 millj. kr. Á ári tvö hyggst félagið greiða út 8,0 millj. kr. í arð til hluthafans. Miðað við túlkun Ríkisskattstjóra á því hvert sé skattalegt eigið fé félagsins er þ.e. nafnverð eignarhlutans í öðru félagi 10,0 millj. kr. að viðbættum hagnaði ársins 10,0 millj. kr. eða samtals 20,0 millj. kr. þá skattleggjast 2,0 millj. kr. eins og um laun væri að ræða. Eigið fé félagsins er hins vegar 110,0 millj. kr. og þar af skattalegt verð eignarhluta í öðrum félögum 100,0 millj. kr., 20% af skattalegu eigin fé þess ætti því að vera 22,0 millj. kr. og útgreiddur arður að fjárhæð 8.0 millj. kr. skattleggst að fullu í 20% skattþrepi.

Rétt er að benda á að þessi skilgreining getur líka haft öfug áhrif, miðað við það sem fram kemur í dæminu hér að framan, á það hvort arðgreiðsla falli undir ákvæðið eða ekki. En það er ef fasteignamat fasteigna er hærra en skattalegt verð þeirra.

Það breytir þó ekki því að skattalegt verð hlutabréfa og skattalegt verð fasteigna hlýtur að vera betri mælikvarði á skattalegt eigið fé félaga en nafnverð og fasteignamat.

Þrátt fyrir að allar þær ábendingar sem bárust um að fyrirhuguð lagasetning væri ekki nægilega skýr var upphaflegt frumvarp hvað þetta varðar samþykkt óbreytt og bætist því eftirfarandi lagatexti við 1. mgr. 11. gr. tekjuskattslaganna:

„Hjá þeim skattaðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna sem laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs.“

Breytingin öðlaðist gildi við álagningu 2011 og á staðgreiðslu-árinu 2010 eftir því sem við átti.

Í kjölfar þess að lögin voru samþykkt gaf Ríkisskattstjóri út að sá hluti arðsins sem skattlagður er sem laun teldist frádráttarbær kostnaður hjá greiðanda.

### Lagabreyting 2011

Í tengslum við gerð kjarasamninga á árinu 2011 voru gerðar breytingar á lögum um tekjuskatt og þar á meðal var gerð breyting á lagatextanum um skattlagningu á arði. Samkvæmt lagafrumvarpinu og nefndaráli var breytingin gerð vegna þeirrar miklu gagnrýni sem komið hafði fram á lögin m.a. hversu óskýr þau voru.

Í upphaflega frumvarpinu að breytingu á lagatextanum var því lagt upp með að skýra hvað fælist í því að hafa „ráðandi stöðu“ og var lagt til að 4. mgr. 58. gr. tekjuskattslaganna hljóðaði þannig:

„Maður telst hafa ráðandi stöðu ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% eða meira í lög- aðila enda eigi hver um sig a.m.k. 2% hlut í þeim lög- aðila. Þá er lagt til að sama gildi um hluthafa sem starfa í þágu lögaðilans en eru ekki tengdir fjölskylduböndum. Ekki er gert ráð fyrir að reglan taki til almennra launþega sem starfa hjá og eiga í félagi sem skráð er á opin- berum verðbréfamarkaði enda hafa þeir almennt ekki ráðandi stöðu sem meðeigendur og eru þar með ekki í aðstöðu til að taka ákvarðanir um daglegan rekstur og stjórn félags.“

Í greinargerð með frumvarpinu er ennfremur tekið fram að sá hluti arðsins sem skattleggst sem laun séu laun skv. 1. tölul. A-liðar 7. gr. sem myndar stofn til tryggingagjalds og annarra launatengda gjalda þ.m.t. lífeyrissjóðsðgjalds og að halda bæri eftir staðgreiðslu af launum í samræmi við lög nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Samkvæmt þessu átti því að styrkja þá túlkun Ríkisskattstjóra að þessi hluti arðsins væri í raun laun og væri þannig frádráttarbær frá skattskyldum tekjum viðkomandi félags.

Í meðförum þingsins var ákvæðinu hins vegar breytt verulega vegna mikillar gagnrýni sem fram hafði komið á fyrirhugaðar breytingar og fyrri lagasetningu. Lámærkseignarhald var hækk- að úr 2% í 20%, arðurinn verður skattlagður í miðþrepi tekju- skatts og sá hluti arðsins sem skattleggst sem laun myndar hvorki stofn til tryggingagjalds, né lífeyrissjóðsðgjalds og er ekki frádráttarbær rekstrarkostnaður hjá greiðanda.

Lagaákvæðið í 11. gr. laganna um tekjuskatt hljóðar þá þannig eftir breytinguna:

„Hjá þeim skattaðilum sem er skylt að reikna sér endurgjald skv. 2. mgr. 1. tölul. A-liðar 7. gr. skal telja til tekna 50% af heimilum úthlutuðum arði samkvæmt lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, að því marki sem heimil arðsúthlutun félagsins er samtals umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé þess í árs- lok viðmiðunarárs, og skattleggja í samræmi við 5. mgr. 66. gr. Þannig ákvarðaðar tekjur mynda hvorki stofn til tryggingagjalds né lífeyrissjóðsðgjalds né teljast til frádráttar- bærs rekstrarkostnaðar hjá greiðanda.“

Hér er búið að taka út að hluta arðsins skuli telja til tekna sem laun og aðeins vísað til þess að hann sé skattlagður í samræmi við 5. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt. Jafnframt er tekið fram að þessi hluti arðsins myndi ekki stofn til tryggingagjalds né lífeyrissjóðsðgjalds eða teljist ekki til frádráttarbærs rekstrarkost- naðar.

Á sama tíma var 4. mgr. 58. gr. laganna um tekjuskatt breytt og hljóðar hún þannig:



„Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu gilda um starf á vegum lögaðila eftir því sem við getur átt, enda vinni maður við atvinnurekstur lögaðila þar sem hann, maki hans, barn eða nákomnir ættingjar hafa ráðandi stöðu vegna eignar- eða stjórnunaraðildar, þó ekki ef um er að ræða starf á vegum lögaðila sem skráður er á opinberum verðbréfamarkaði. Maður telst hafa ráðandi stöðu í þessu sambandi ef hann einn eða ásamt maka, börnum, foreldrum, systkinum eða öðrum nákomnum ættingjum á samtals 50% hlut eða meira í lögaðila enda eigi hver um sig a.m.k. 20% hlut í þeim lögaðila. Ákvæði 1. og 2. málsl. skulu einnig gilda um starfandi hluthafa sem ekki eru tengdir fjölskylduböndum.“

Í þessu ákvæði er búið að skilgreina ráðandi hlut, en eftir stendur spurningin hverjum er skylt að reikna sér endurgjald.

### Ekki laun?

Í lögnum er nú orðið ljóst að 50% af þeim hluta arðsins sem er umfram 20% af skattalegu eigin fé er ekki laun í skilningi laganna, heldur skattleggst hann í miðþrepi tekjuskatts. Eftir stendur þá spurningin hvernig á að skila þeim skatti sem haldið er eftir af arðinum. Varla getur verið eðlilegt að skila honum inn með staðgreiðslu af launum þar sem þetta eru ekki laun og myndar ekki stofn til tryggingagjalds eða lífeyrissjóðsiðgjalds. Eina leiðin er að skila afdráttarskattinum sem afdregnum fjármagnstekjuskatti af arði, enda er arður nú í raun skattlagður í tveimur skattþrepum hjá tilteknum einstaklingum. Framangreindar lagabreytingar voru samþykktar á Alþingi þann 11. júní 2011 og öðluðust þá þegar gildi og komu til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 2011 og á staðgreiðsluárinu 2010 eftir því sem við á.

Lagabreytingin er því afturvirk þ.e. hún á að gilda fyrir árið 2010 og vaknar því spurningin er þetta heimilt, er hér um ívilnandi eða íþyngjandi aðgerð að ræða?

Þetta er ívilnandi aðgerð fyrir þá aðila sem áður töldust með ráðandi hlut og féllu þar með undir ákvæðið, en eftir breytingu laganna eru þeir ekki lengur undir því.

Hvað varða þá aðila sem falla áfram undir ákvæðið og greiddu af hluta arðsins tekjuskatt í viðeigandi þrepi, lífeyrissjóð og tryggingagjald og fengu að auki gjaldfærslu í rekstri af launum og launatengdum gjöldum er ekki eins augljóst að um ívilnandi aðgerð sé að ræða. Væntanlega er um íþyngjandi aðgerð að ræða í einhverjum tilvikum.

### Að lokum

Þrátt fyrir að sú breyting sem nú hefur verið gerð á skattlagningu arðs frá lögum nr. 128/2009 sé til verulegra bóta þá stendur eftir að:

Í ákvæðinu er ekki horft til þess að tekjur félaga þurfa ekki alltaf að vera tilkomnar vegna vinnuframlags eins og gert er ráð fyrir í lögnum. En meginforsenda þess að ákvæði var sett var að launagreiðslur (greiðslur fyrir vinnuframlag) til ráðandi aðila hafi verið haldið í lágmarki á sama tíma og greiddur hefur verið út verulegur arður úr félögnum.

Það skiptir engu máli þó eigandi félags sem fellur undir ákvæðið greiði sér laun í samræmi við tekjuskattslögin þ.e. eins og hann hefði fengið væri hann starfandi hjá ótengdum aðila, eða jafnvel umtalsvert hærri en það, hann lendir alltaf í því að hluti arðsins verður skattlagður eins og um laun væri að ræða nemi arðgreiðslan sé hærri fjárhæð en 20% af skattalegu eigin fé.

Skilgreining á skattalegu eigin fé eins og hún kemur fram í umsögn Ríkisskattstjóra um frumvarpið er ekki skattalegt eigið fé heldur er hér um að ræða stofn til eignarskatts skv. 73. gr. tekjuskattslaganna.

Það er engin skilgreining á því hvenær aðili teljist vinna hjá félagi sem hann er eigandi að. Við getum hugsað okkur að um sé að ræða eignarhaldsfélag með engum starfsmanni, einu eignir félagsins eru vaxtaberandi lagtímafjárfestingar í eignastýringu og að fullu fjármagnaðar með eigin fé. Er nægjanlegt að eigandi félagsins sé í stjórn þess til að hann þurfi að reikna sér endurgjald þó svo að hluthafafundur hafi ákveðið að ekki yrði greitt fyrir stjórnarsetu?

Í þessari stuttu umfjöllun hefur ekki verið hægt að svara öllum spurningum sem vaknað hafa við skoðun á þessari lagasetningu og afleiðingum hennar, en hún sýnir hversu mikilvægt er að vanda til lagasetningar.

Það hefur hins vegar verið regla að skattlagabreytingar eru keyrðar í gegn um Alþingi á mjög stuttum tíma þar sem umsagnaraðilum eru oftast en ekki einungis veittir nokkrir dagar til nokkurra klukkutíma til að koma athugasemdum sínum á framfæri.

Þegar athugasemdirnar eru síðan komnar fram er oft lítill tími til að yfirfara þær og gera nauðsynlegar breytingar á lagafrumvörpunum og lögnum er síðan breytt á næsta þingi hafi mistök átt sér stað. Þetta eru að sjálfsögðu ekki vinnubrögð sem koma atvinnulífinu til góða þar sem stjórnendur fyrirtækja leitast við að gera áætlanir til lengri tíma og þar koma skattar að sjálfsögðu til skoðunar.

Steingrímur Sigfússon

## Íslandsmeistarar

### Kynningarnefnd FLE tók saman

Í æviskrám endurskoðenda 1929-2010 sem gefin var út í tilefni 75 ára afmælis félagsins, eru rakin æviatriði allra sem fengið hafa löggildingu á þessu árabili. Gaman er að fletta í bókinni og sjá þar aðra hlið á kolleganum en sést dags daglega. Það kemur á óvart, hversu margir félagsmanna okkar hafa verið keppnismenn í íþróttum. Flestir hafa verið í boltaíþróttum og margir orðið Íslandsmeistarar með sínu liði. Við eigum einnig Norðurlandameistara í skák og við getum státað okkur af heimsmeistara, í bridge! Hér fyrir neðan er listi yfir þá Íslandsmeistara sem við fundum í bókinni, sem gáfu sig fram í könnun og sem við höfðum spurnir af.

*Auðunn Guðjónsson, tugþraut karla*  
*Ásbjörn Björnsson, knattspyrna*  
*Áslaug Rós Guðmundsdóttir, léttvigt kvenna*  
*Björg Ragna Erlingsdóttir, blak*  
*Bryndís Símonardóttir, samkvæmisdans og rokhdans*  
*Davíð Arnar Einarsson, samkvæmisdans*  
*Davíð Búi Halldórsson blak*  
*Dýri Guðmundsson, knattspyrna og handknattleikur*  
*Guðlaugur R Jóhannsson, bridge,*  
*(einnig heimsmeistari)*

*Gunnar Hjaltalín, knattspyrna,*  
*Hafðís Böðvarsdóttir, knattspyrna*  
*Halla M. Helgadóttir, handknattleikur*  
*Helgi V. Jónsson, knattspyrna, körfuknattleikur*  
*Ingi R. Jóhannsson, skák (einnig norðurlandameistari)*  
*Jóhann Geir Harðarson, handknattleikur og knattspyrna*  
*Jón Arnar Óskarsson, knattspyrna*  
*Jón Rafn Ragnarsson, handknattleikur*  
*Ljósbrá Baldursdóttir, bridge*  
*Ólafur Nilsson, skíði*  
*Ómar H. Björnsson, knattspyrna*  
*Sigrún Ragna Ólafsdóttir, körfuknattleikur*  
*Sigurður Tryggvi Sigurðsson, fimleikar, karate og stangarstökk*  
*Sveinn Jónsson, knattspyrna*  
*Sæmundur Valdimarsson, knattspyrna*  
*Tryggvi E. Geirsson, knattspyrna*

Við ákváðum að hafa samband við þrjá aðila og biðja þá að segja okkur aðeins meira um sig og íþróttina.

### Áslaug Rós Guðmundsdóttir

Ég byrjaði að æfa hnefaleika í ársbyrjun 2003 með bróður mínum en pabbi okkar hafði þá verið búinn að æfa sportið frá því að ólympískir hnefaleikar voru leyfðir árið 2002. Það var í raun aðeins forvitni og leiði á líkamsræktarstöðvum sem varð til þess að ég prófaði boxið - ég hafði engan áhuga á íþróttinni sjálfri.

Eftir nokkrar æfingar sá ég hins vegar að þessi íþrótt átti mjög vel við mig enda skemmtilegar æfingar með skemmtilegu fólki. Ég gerði mér líka fljótt grein fyrir því að atvinnumanna hnefa

leikar sem ég hafði séð í sjónvarpi endurspegluðu á engan hátt ólympíska hnefaleika. Þetta var mun saklausari íþrótt en ég hafði ákveðið og margir sem stunduðu hana eingöngu á púðum og á gólfi sem líkamsrækt enda er þetta hörku púl. Eins og flestir byrjaði ég bara í almennum æfingum en eftir hálf tveimur árum vildi ég fara að prófa hringinn.

Það er nóg af stelpum að æfa hnefaleika en mun færri sem fara í hringinn og keppa. Í 90% tilvika æfði ég því á móti strákunum í hringnum og vildi heldur betur ekki gefa þeim neitt eftir. Það hefur samt skilað sér eitthvað því þrátt fyrir stuttan

## Glæsilegt meistaramót í Kaplakríka

Keppst var um helgina á meistaramóti Íslands í ólympískum hnefaleikum en það var í fyrsta skipti í 53 ár sem sú keppni fer fram. Þátttaka á mótinu var afar góð en 45 hnefaleikamenn og -konur úr sex félögum skráðu sig til keppni.

Fjórar konur kepptu í tveimur þyngdarflokkum og var keppni karla skipt í unglingaflokk (fimm þyngdar-

leikaneftir. ÍSÍ sagði í samtali við DV Sport að mótið hafi heppnast vel í alla staði. „Serax í undankeppninni á fimmtudag mættu 100 manns í hólsakymni HR. Ef ég ætti að giska voru um 5-600 manns á aðalkvöldinu í Kaplakríka,” sagði Kristinn en umgjörð keppninnar í Hafnarfirði var afar glæsileg og í beinni útsendingu á Sýn.





Áslaug Rós Guðmundsdóttir í hringnum  
Birt með leyfi Hnefaleikafélags Reykjavíkur

tíma í æfingum náði ég gulli í mínum flokki á alþjóðlegu móti í Svíþjóð árið 2005. Sama ár var ég valin hnefaleikakona ársins hjá ÍSí og vorið 2006 tók ég þátt í fyrsta Íslandsmeistaramóti í hnefaleikum í 52 ár þar sem ég vann minn þyngdarflokk. Fljótlega eftir Íslandsmeistaramótið fór ég í meistaranám og eignaðist barn og hætti ég þá æfingum í hnefaleikum. Ég hef samt ekki náð að slíta mig alveg frá og mæti stundum á æfingar til að rifja upp gamla takta og fylgist með mótum sem eru í gangi. Eins og endurskoðendur gera oft sé ég líka um uppgjör og ársreikning fyrir Hnefaleikafélag Reykjavíkur og var lengi í viðhaldi á heimasíðu félagsins. Ég er nokkuð viss um að þetta sé bara smá pása hjá mér núna og ég eigi eftir að mæta á reglulegar æfingar í framtíðinni – þetta er svo ofboðslega gaman!

## Guðlaugur R Jóhannsson

Ég kynntist bridge í foreldrahúsum en foreldrar mínir spiluðu bæði bridge. Sjálfur byrjaði ég að spila bridge þegar ég var í 5. bekk í MR en síðan tók eiginlega steininn úr þegar ég var í viðskiptafræði í Háskólanum því mér fannst bridgeinn miklu skemmtilegri en námsbækurnar. Ég las fjöldann af bridge bókum m.a. skrönglaðist ég í gegnum 300 blaðsíðna ítalska bridgebók. Dellan var algjör. En ég lauk þó viðskiptafræðinni en vegna þess að ég vill ekki falla af stalli hjá afabörnunum hef ég týnt einkunnunum.



Bermúdaskálin á loft í Yokohama í október 1991

Birt með leyfi Ljósmyndasafns Reykjavíkur

Ég fór snemma að spila keppnisbridge og spilaði í mörg ár hjá Bridgefélagi Reykjavíkur en þar spila allir bestu bridge spilarar landsins. Einnig spilaði ég í fjölmörgum Íslands- og Reykjavíkurmótum og hef ekki tölu á hvað ég hef unnið þau oft. Ég var í landsliði Íslands í mörg ár og spilaði í mörgum Evrópu- og Ólympíumótum. Árið 1991 urðum við í 4. sæti í Evrópumótinu sem haldið var í Killarney á Írlandi. Þessi árangur gaf okkur rétt til að spila á heimsmeistaramóti sem haldið var í Yokohama í Japan í október sama ár. Í heimsmeistaramótinu er keppt um Bermúdaskálina en skálin er kennd við Bermúda því þar var fyrsta heimsmeistarakeppnin í bridge haldin. Þátttakendur á heimsmeistaramótinu voru sigurvegarar úr öllum heimshlutum og var þátttökuþjóðum skipt í tvo riðla en fjórar efstu sveitirnar úr hvorum riðli héldu síðan áfram í undanúrslit og síðan úrslit. Við unnum okkar riðil með yfirburðum og vorum þá komnir í undanúrslit. Síðan unnum við alla andstæðinga okkar í undanúrslitum og vorum þá komnir í úrslitaleik við Pólverja sem urðu sigurvegarar hins riðilsins. Úrslitin voru spiluð á þremur dögum í fimm 32 spila lotum eða samtals 160 spil.

Við fengum fljótlega fljúgandi start og höfðum undirtökin í leiknum allan leikinn. Síðustu 32 spilunum var sjónvarpað beint heim til Íslands en vegna tímamismunar frá Japan var sjónvarpsútsendingin um miðja nótt á Íslandi. Til gamans má geta þess að þegar Rás 2 stóð fyrir vali á manni ársins um áramótin þá hringdi inn kona sem sagðist kjósa heimsmeistarana í bridge því þeir hefðu verið einu mennirnir á árinu sem hefðu haldið fyrir sér vöku.

Við komuna til Keflavíkur með Bermúdaskálina tók á móti okkur mikill mannfjöldi og tveir ráðherrar úr ríkisstjórninni þeir Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra og Davíð Oddsson forsætisráðherra. Sjónvarpið var mætt á staðinn og landinn sá Davíð skála Bermúdaskál fyrir heimsmeisturunum. Eins og frægt er orðið þurfti Davíð síðan að bera af sér að hann hefði verið fullur að hylla heimsmeistarana.

Ég spilaði bridge í tvö eða þrjú ár eftir að við urðum heimsmeistarar en var þá farinn að fíkta við golf. Þegar ég fann að



Heimsmeistarinn Guðlaugur R. Jóhannsson ásamt Davíð Oddssyni forsætisráðherra þar sem Davíð skálaði fyrir liðinu á ógleymanlegan hátt. Birt með leyfi Ljósmyndasafns Reykjavíkur

mig langaði frekar að vera út í sólinni að spila golf en að hanga yfir bridge í rökkvuðum herbergjum sá ég að nú væri best að hætta. Nú er ég haldinn golfdellu og öll frí og ferðalög miðast við golf. Sem betur fer er konan líka í golfinu en hún var bridge ekkja í mörg ár. Miðað við aldur og hvað ég byrjaði seint í golfi held ég að ég sé bara nokkuð góður. Mér hefur a.m.k. tekist að vera tvisvar í B-landsliði öldunga (55+) sem keppir með forgjöf en A-liðið keppir án forgjafar og þar á ég ekkert erindi. Ekki enn!

## Sigurður Tryggvi Sigurðsson


Ég byrjaði ég að æfa áhaldafimleika hjá KR haustið 1971, þá 14 ára gamall. Ég hafði í þó nokkur ár á undan verið í fimleikaflokki Geirs Hallsteinssonar en þar voru eingöngu æfð stökk yfir kistu og gólfæfingar.

Ég varð Íslandsmeistari í fimleikum í fyrsta skipti árið 1973 og síðan óslitið til ársins 1979 en Íslandsmótið 1979 var mín síðasta keppni í fimleikum.

Árið 1973 byrjaði ég að stunda karate og árið 1975 varð ég Íslandsmeistari í þeirri grein.

Ég kynntist stangarstökki á árinu 1978 og fékk smám saman óstöðvandi áhuga á því. Ég sá fljótlega að ég gæti ekki æft þrjár keppnisgreinar með það fyrir augum að ná þar árangri. Um vorið 1979 tók ég þá ákvörðun að einbeita mér eingöngu að stangarstöckinu og hætti þá bæði fimleikum og karate.

Ég keppti síðan í stangarstökki óslitið til ársins 2002 að ég hætti því. Ég setti fyrsta Íslandsmetið mitt í stangarstökki árið 1980 þar sem ég stökk 4,51m. Síðan var ég smám saman að bæta það til ársins 1984 þegar ég stökk 5,31m sem stendur enn. Viku eftir það met slasaði ég mig alvarlega á móti í Þýskalandi þar sem ég var að undirbúa mig fyrir Ólympíuleikana það ár. Það tók mig tæpt ár þar til ég gat farið að stökkva aftur. Ég bjó í Þýskalandi í 3 ár frá 1984-1986 þar sem ég keppti fyrir þýskt félag í greininni. Mig minnir að ég hafi 18 sinnum orðið Íslandsmeistari í stangarstökki auk annarrar titla sem ég vann á



Sigurður Tryggvi í hringjunum

Birt með leyfi Morgunblaðsins

þessum árum. Auk þess hljóp ég oftast í 4x100 m boðhlaups-sveitum þeirra félaga sem ég keppti með. Boðhlaupssveit KR setti á þessum árum Íslandsmet félaga í 4x100 m sem stóð töluvert lengi.



Mikill kraftur í stangarstöckinu

Birt með leyfi Morgunblaðsins



## Sameining skattyfirvalda

*Skúli Eggert Þórðarson er ríkisskattstjóri*

### I. Aðdragandi

Sameining stofnana íslenskrar stjórnsýslu var lengi til athugunar hér á landi en heldur minna varð úr aðgerðum í þá veru. Það var því ljóst að brotið var blað í stjórnsýslunni á Íslandi þegar Alþingi Íslendinga samþykkti frumvarp sem varð að lögum nr. 136/2009, um að embætti sjálfstæðra skattstjóra skyldu lögð niður og starfsemi þeirra felld undir embætti ríkisskattstjóra. Með þessum lögum lauk sögu þess skattkerfis sem búið hafði verið við hér á landi frá því snemma á sjöunda áratug síðustu aldar. Sameining skattyfirvalda með þessum hætti hafði áður komið til umræðu, svo sem vikið verður að hér síðar, og margsinnis hafði verið rætt um hvort unnt væri að fækka skattstofum eða sjálfstæðum skattstjórum.

Á árinu 1962 var stofnað embætti ríkisskattstjóra og embætti níu sjálfstæðra skattstjóra sem hafa skyldu með höndum álagningu opinberra gjalda og aðra skattframkvæmd. Komu þær stofnanir í stað fjölda skattanefnda og skattstjóra í kaupstöðum. Skrifstofur þeirra skattstjóra voru að jafnaði kallaðar skattstofur. Fyrirkomulagið sem tekið var upp fyrir tæpri hálfri öld var með þeim hætti að sjálfstæðum skattstjórum var skipt niður á landið eftir þágildandi kjördæmum, átta að tölu, nema sérstakur skattstjóri var fyrir Vestmannaeyjar. Þar sem fyrir voru skattstjórar, svo sem var í stærstu kaupstöðunum, breyttust þær skrifstofur í embætti fyrir mun stærra svæði. Þannig varð skattstofan í Hafnarfirði að embætti skattstjóra fyrir Reykjanesumdæmi, á Akureyri varð til skattstjóri Norðurlandsumdæmis eystra og þannig koll af kolli. Á þessum tíma voru t.a.m. einnig lagðar niður skattstofur í Kópavogi og Keflavík. Í reynd var um mikla sameiningu stofnana að ræða á þessu tímabili sem einnig var mikil og merkileg breyting í stjórnsýslunni.

Litlar breytingar urðu á skipulagi skattamála frá 1962 hvað varðar stöðu skattstjóra og ríkisskattstjóra. Á árinu 1964 var stofnuð við embætti ríkisskattstjóra sérstök lögskipuð deild, rannsóknardeild, sem stýrt skyldi af sérstökum forstöðumanni. Ári síðar var stofnað embætti skattrannsóknarstjóra er stýra skyldi rannsóknardeild við embætti ríkisskattstjóra. Á árinu 1978 var embætti skattrannsóknarstjóra gert sjálfstæðara hvað varðar ákvarðanir um refsimeðferð, og loks var á árinu 1992 stigið það skref að gera embætti skattrannsóknarstjóra sem slíkt að sjálfstæðu embætti er fékk embættisheitið skattrannsóknarstjóri ríkisins. Yfirséðanefnd var sömuleiðis stofnuð á árinu 1992 sem sjálfstæð óháð úrskurðarnefnd er tók við störfum ríkisskattanefndar er þá var lögð niður.

Fljótlega eftir að ríkisskattstjóraembættið var stofnað fóru að heyrast sjónarmið um að fækka ætti sjálfstæðum skattstjóraembættum. Í athugunum sem gerðar voru á árunum 1966 – 1970 um upptöku á staðgreiðslu opinberra gjalda var gjarnan reifað að heppilegast væri að fella störf við skattframkvæmd frekar undir embætti ríkisskattstjóra heldur en skattstjóraembættin. Raunar voru ýmsar aðrar róttækar hugmyndir einnig reifaðar, svo sem að öll innheimta opinberra gjalda skyldi felld undir ríkisskattstjóra og að það embætti ætti að sinna þremur meginverkefnum, álagningu, innheimtu og rannsóknum (einnig nefnt endurskoðun). Átti ríkisskattstjóri samkvæmt þeim hugmyndum að annast alla skattframkvæmd og innheimtu opinberra gjalda. Í frumvörpum sem lögð voru fram á árunum 1977 og 1981 um staðgreiðslu opinberra gjalda var gert ráð fyrir að meginhluti af rekstri staðgreiðslunnar skyldi unninn af embætti ríkisskattstjóra og skattstjórar hefðu takmarkað hlutverk við þá framkvæmd. Þótt hugmyndir þessar yrðu ekki að lögum var umræðan og framsetning athugana með þeim hætti að það gaf vísbendingar um að breytinga væri að vænta þar sem skattstjórum væri ætlað minna hlutverk í skattframkvæmdinni en þeir höfðu áður haft, eða að þau embætti yrðu sameinuð eða lögð niður.

Í þessari umræðu urðu síðan ákveðin þáttaskil þegar nefnd sem starfaði á árunum 1984 – 1986, og kannaði umfang skattsvika, lagði fram skýrslu um athuganir sínar í apríl 1986. Nefndin gerði grein fyrir þeim athugunum sínum, mat umfang skattsvika og lagði síðan fram tillögur um nauðsynlegar úrbætur til að sporna við undanskotum. Þar á meðal lagði nefndin til verulega breytt skipulag á skattastjórnsýslunni hér á landi. Aðaltillaga nefndarinnar gerði ráð fyrir að ríkisskattstjóraembættinu yrði breytt í stofnun sem færi með faglega stjórnun og verkstjórnarvald í skattamálum á öllu landinu, og þannig yrðu skattstofurnar, eins og þær voru í þáverandi mynd, óþarfar, eins og nefndin komst að orði. Taldi nefndin að með tilkomu slíkrar stofnunar gæfist tækifæri til mikillar verkaskiptingar og samræmdra vinnubragða. Með þeim hætti yrði takmarkað starfslið betur nýtt. Til vara var lagt til að verkstjórnarvald ríkisskattstjóra yrði eftir og skattstofum fækkað, t.d. í fimm. Gerði nefndin ráð fyrir að skattstjórar myndu einkum annast yfirferð einstaklingsframtala og upplýsingamiðlun en að erfiðari framtöl á borð við atvinnurekstrarframtöl yrðu afgreidd í Reykjavík. Lagði nefndin megináherslu á að nægjanlega hæft starfsfólk væri frekar að finna í Reykjavík en á öðrum stöðum á landinu. Hugmyndir þessar mæltust afar misvel fyrir og mætti jafnvel halda því fram að á þeim tíma hafi þær verið einum of róttækar

þótt nú sé búið að framkvæma það sem þá var lagt til. Þáverandi fjármálaráðherra, Þorsteinn Pálsson, lýsti því yfir svo til strax eftir útkomu skýrslunnar að ekki stæði til að loka eða fækka skattstofum. Með því var tónninn sleginn og ekki kom til teljandi umræðna um þessa tillögu þótt niðurstöður skýrsluhöfundna hafi þótt athyglisverðar og verið talsvert ræddar, m.a. á Alþingi Íslendinga. Þess má geta að skýrslan var ekki rædd af hálfu skattfyrivalda fyrr en í júlí sama ár. Enginn samhljómur varð um þessa tillögu og kom hún raunar ekki frekar til umræðu að heitið geti.

Við upptöku staðgreiðslu opinberra gjalda árið 1988 gengu eftir hugmyndir frá sjöunda áratugnum um að ríkisskattstjóri ætti að hafa meginhlutverk framkvæmdarinnar með höndum og skattstjórum var falið minna hlutverk en í eldra kerfi eftirlagðra gjalda. Þar sem staðgreiðslukerfið gerði ráð fyrir að um væri að ræða bráðabirgðagreiðslu á tekjuskatti og útsvari sem síðan skyldi sæta álagningu með svipuðum hætti og áður, urðu ekki miklar breytingar á álagningarfyrirkomulaginu sjálfu. Störf skattstjóra héldust því að mestu óbreytt um sinn. Af hálfu ríkisskattstjóra voru á hinn bóginn uppi athyglisverðar hugmyndir um einfaldara álagningarkerfi með því að útbúa skattframtal fyrir gjaldendur með árituðum upplýsingum og draga þannig úr handavinnu við yfirferð framtala. Hugmyndir þessar voru til athugunar á árunum 1990 – 1992 en þeim var slegið á frest stuttu síðar og áherslum beint að upptöku á stöðluðu rekstrarframtali.

Fljótlega upp úr aldamótunum 2000 hóf fjármálaráðuneytið að kanna hvort ástæða væri til að breyta fyrirkomulagi skattframkvæmdar hérlandis. Þar voru undirliggjandi hugmyndir sem við og við voru ræddar um meiri hagkvæmni í rekstri skattfyrivalda með fækkun skattstofa. Fékk ráðuneytið til liðs við sig sjálfstætt starfandi ráðgjafa á vegum PwC ehf. til að kanna málið frekar. PwC ehf. skilaði af sér ítarlegri skýrslu nokkrum miss-erum síðar þar sem reifaðir voru ýmsir möguleikar á hvernig unnt væri að breyta skipulagi skattframkvæmdarinnar. Skemmst er frá því að segja að tillögurnar komu ekki til framkvæmda og raunar voru umræður um skýrslu PwC ehf. frekar takmarkaðar.

Á árunum 2006 – 2008 voru ræddar hugmyndir um að sameina yfirferð stærri rekstraraðila í eina einingu. Ekki var þó gert ráð fyrir fækkun á skattstjórum þótt svo yrði gert. Voru samþykkt lög í þá veru 38/2008 og skyldi breytingin koma til framkvæmda 1. janúar 2010, eftir breytingalög um seinkun. Mál tóku þó nýja stefnu í sumarbyrjun 2009 þegar fjármálaráðuneytið tók til umræðu hvort í hagræðingarskyni skyldi sameina eða fækka skattstjóraembættum. Var síðan í framhaldinu skipaður starfshópur hinn 6. júlí 2009 til að kanna hvernig unnt væri að ná fram lækkun á kostnaði við rekstur skattkerfisins. Meginhlutverk hópsins var þannig að gera tillögur um leiðir til þessa, þar sem megináherslan yrði lögð á að sameina og fækka skattstofum án þess að slíkt bitnaði á almennri skilvirkni skattkerfisins eða þjónustu við framteljendur. Í starfshópinn

voru skipaðir þeir Guðmundur Árnason ráðuneytissjóri og Angantýr Einarsson skrifstofustjóri frá fjármálaráðuneytinu, skattstjórnarnir Gunnar Karlsson og Sigmundur Stefánsson og greinarhöfundur. Nefndarmenn könnuðu möguleika þess að fækka skattstjórum eða breyta uppbyggingu kerfisins á annan hátt. Skemmst er frá því að segja að í lokaniðurstöðu starfshópsins var lagt til að embætti skattstjóra yrðu lögð niður og öll störf þeirra felld undir embætti ríkisskattstjóra. Jafnframt var gert ráð fyrir umtalsverðum breytingum á starfsháttum og verklagi við skattframkvæmd.

Á haustþingi 2009 var frumvarp lagt fyrir Alþingi þar sem gert var ráð fyrir breytingum á lögum nr. 90/2003 og öðrum skattalögum þar sem verkefni skattstjóra voru færð til ríkisskattstjóra. Skyldi ríkisskattstjóri jafnframt koma fram stjórnskipunarlega í stað skattstjóra. Var frumvarpið samþykkt sem lög frá Alþingi hinn 18. desember 2009.

Með samþykkt þeirra laga var í reynd eytt margra ára óvissu um framtíð embætta sjálfstæðra skattstjóra og nýju kerfi komið á fót. Án efa róttækasta breyting á skipulagi skattamála hér á landi frá árinu 1962.

## II. Framkvæmd sameiningar

Við samþykkt laga nr. 136/2009 var skammur tími til stefnu til að hrinda í framkvæmd þeirri ákvörðun að leggja niður embætti skattstjóra og fella störf þeirra undir ríkisskattstjóra. Seint á árinu 2009 þegar frumvarpið kom fram hafði hafist undirbúningur breytingarinnar í fjármálaráðuneytinu með því að Angantýr Einarsson skrifstofustjóri og greinarhöfundur kynntu áformaðar breytingar á fundum með skattstjórum og starfsmönnum þeirra. Fulltrúi fjármálaráðuneytisins og ríkisskattstjóra heimsóttu síðan flestar skattstofur eða funduðu með starfsmönnum þeirra til að kynna fyrirhugaðar breytingar. Ýmis önnur vinna við undirbúning að sameiningu stofnana skattfyrivalda, skattstofa og ríkisskattstjóra í eina stofnun hófst þar sem miðað var við að frumvarpið yrði að lögum. Þá var sömu- leiðis einnig rætt við alla skattstjóra vegna áformaðra breytinga á þeirra högum.

Lokaátakið í kynningunni fyrir starfsmenn var sameiginlegur fundur allra starfsmanna skattstjóra og ríkisskattstjóra sem haldinn var 18. desember 2009. Hittist svo á að frumvarp fjármálaráðherra um sameiningu stofnana var samþykkt sama dag. Þannig komu starfsmenn 10 sjálfstæðra stofnana saman til fundar en gengu út sem starfsmenn einnar stofnunar.

Undirbúningur að sameiningunni miðaðist við að líklegt væri að frumvarpið yrði samþykkt en allt að einu ætíð haft í huga að vel gæti farið að svo yrði ekki. Setti þetta eðlilega nokkurn svip á störf hjá ríkisskattstjóra síðustu mánuði ársins vegna skipulagningar á ýmsum verkþáttum. Ljóst var þó að ef Alþingi myndi samþykkja fyrirbyggjandi frumvarp myndi skattframkvæmd á Íslandi breytast mjög og það á skömmum tíma. Þegar lögin höfðu verið samþykkt lá fyrir að skipuleggja þyrfti hvernig staðið yrði að sameiningu þessara tíu misstóru stofn-



ana þar sem starfsmenn voru fæstir fjórir og flestir hundrad en yrðu samanlagt hátt í þrjú hundruð. Þar kom fyrst til athugunar hvort notast ætti við óbreytt skipulag þar sem ríkisskattstjóri tæki við hlutverki fjármálaráðuneytisins að breyttu breytanda, eða hvort umbylta ætti skipulagseiningunum. Síðari leiðin var farin að stærstum hluta en þó voru sérlausnir með ýmsum hætti.

Stofnunin var skipulögð upp á nýtt og sett nýtt skipurit þar sem störfum hjá embættinu var annars vegar skipt upp í framleiðsluvið og hins vegar stoðsvið. Framleiðsluviðin voru skattlagning einstaklinga og lögaðila, skatteftirlit og skráarhald, þ.m.t. fyrirtækjaskrá og ársreikningaskrá. Stoðsviðin voru um tækni-, fjár-, starfsmanna-, lögfræði-, skipulags- og fræðslumál. Starfsstöðvar voru ákveðnar níu, höfuðstöðvar skyldu verða á Laugavegi í Reykjavík og átta aðrar starfsstöðvar skyldu starfræktar. Í hagræðingarskyni var starfsemi í Reykjavík sameinuð og sérgreind með því að skattstofunni í Reykjavík var lokað og starfsmenn þar fluttu inn á Laugaveg og á Suðurgötu í Hafnarfirði. Um leið færðist drjúgur hluti þeirra starfsmanna sem áður störfuðu hjá skattstjóranum í Reykjanesumdæmi á Laugaveg. Einingar sem unnu svipuð störf voru sameinaðar, svo sem að ákveðið var að reka eina eftirlitseiningu á höfuðborgarsvæðinu í stað þriggja, eina launþegaeiningu í stað tveggja, eina virðisaukaskattseiningu, eina einingu lögaðila og svo koll af kolli. Yfirmönnum var fækkað um 19 og ný framkvæmdastjórn tók við störfum fyrrum yfirstjórnar ríkisskattstjóra og stærstu skattstjóraembættanna. Þeir sem höfðu gegnt störfum skattstjóra urðu ýmist sviðsstjórar eða skrifstofustjórar í hinu nýja skipulagi. Tveir skattstjóranna létu af störfum, annar vegna aldurs. Mánaðarlegir samráðsfundir skattstjóra og ríkisskattstjóra voru lagðir af en í þess stað teknir upp beinir stjórnunarfundir. Þá voru allir starfsmenn virkjaðir í hugmyndavinnu, markmið sett, leiðir ákveðnar og ýmsar stjórnunaraðferðir, svo sem SVÓT-greining, voru notaðar til að festa niður helstu álitamál.

Við sameiningu skattyfirvalda voru öll fyrri vinnubrögð tekin til endurmats og þau endurskoðuð í samræmi við breytt sjónarmið. Stofnuninni voru settar nýjar áherslur og markmið. Aukin verkaskipting var tekin upp og ákveðnar starfsstöðvar sérhæfðar þótt öllum starfsstöðvum væri gert að sinna nærþjónustu.

### III. Stjórnsýslulegar breytingar

Í eldra fyrirkomulagi var stærsti hluti ákvarðana skattstjóra kæránlegur til yfirsattanefndar en jafnframt voru ýmsar aðrar ákvarðanir einnig kæránlegar en þá til ríkisskattstjóra sem æðra stjórnvalds. Ákvarðanir sem áður voru teknar af skattstjórum voru með frumvarpinu felldar undir ákvörðunarvald ríkisskattstjóra. Þannig er bein afleiðing hinnar nýju skipunar á ýmsan hátt umtalsvert breytt hlutverk ríkisskattstjóra í stjórnsýslu skattamála. Ríkisskattstjóri hafði áður það hlutverk að samræma skattframkvæmdina og í því skyni gat ríkisskattstjóri endurmetið fyrri ákvörðun skattstjóra, bæði samkvæmt beinni heimild og eins sem æðra stjórnvald, þó með þeim takmörkunum að úrskurður skattstjóra skyldi sæta kæru til yfirsattanefndar.

Með sameiningu skattstjóra við embætti ríkisskattstjóra var eðlilega fellt niður hlutverk ríkisskattstjóra sem æðra stjórnvalds og þannig færðist framkvæmdin formlega yfir á eitt stjórnsýslustig að þessu leyti.

Flestar ákvarðanir sem ríkisskattstjóri tekur og varða breytingar á opinberum gjöldum sæta alla jafna kæru til yfirsattanefndar en nokkrar ákvarðanir, svo sem um endurgreiðslu á virðisaukaskatti, sæta nú málskoti til fjármálaráðuneytisins sem æðra stjórnvalds. Þá hafa einnig verið gerðar þær breytingar að mál sem áður voru afgreidd eingöngu hjá skattstjórum og með málskoti til ríkisskattstjóra sæta nú kærurétti til yfirsattanefndar. Þar skal sérstaklega getið ákvarðana um ívilnun samkv. 65. gr. laga nr. 90/2003, með síðari breytingum, þegar sérstakar aðstæður heimila lækkun á skattstofni eftir hlutlægum efnislegum viðmiðunum, að teknu tilliti til persónubundinna atvika framteljanda sem sæta stjórnsýslulegu mati.

Stjórnsýslulega staða ríkisskattstjóra breyttist þannig úr því að vera stjórnvald sem átti að annast að meginstofni til samræmingu skattframkvæmdar ásamt leiðbeiningarhlutverki og vera æðra stjórnvald í ákveðnum tilvikum, í að vera það stjórnvald sem annast jöfnum höndum yfirstjórn og frumákvarðanir, hvort heldur varðandi setningu reglna, álagningu opinberra gjalda, endurákvörðun þeirra eða aðrar ákvarðanir sem framteljendur óska sjálfir eftir eða þurfa að sæta.

Hin nýja stjórnsýslulega staða ríkisskattstjóra ætti þó til lengri tíma litið að verða einfaldari, enda þarf t.a.m. ekki að annast samræmingu skattframkvæmdar með sjálfstæðum stofnunum þar sem stjórnunarleg ábyrgð ríkisskattstjóra með skattstjórum var lítil sem engin þar sem þeir heyrdðu undir fjármálaráðuneytið í stjórnunarlegu tilliti. Engu minna er nú kostað til við að tryggja samræmingu skattframkvæmdar og skilvirkni í stjórnsýslunni en áður var, en með þeirri breytingu að nú fylgir stjórnunarleg ábyrgð þeim ráðstöfunum sem unnt er að grípa til ef slíkar aðstæður skapast.

Yfirsattanefnd hefur óbreytt hlutverk í hinn nýju skipan stjórnsýslu skattamála og hið sama á einnig við um skattrannsóknarstjóra ríkisins. Yfirsattanefnd hefur þó nú fengið úrskurðarvald um vissar ákvarðanir ríkisskattstjóra svo sem samkv. ákvæðum 65. gr. laga nr. 90/2003 og þannig hefur yfirsattanefnd fengið aukið hlutverk frá því sem áður var. Ákvæði 65. gr. er raunar það ákvæði sem e.t.v. kann að vera viðkvæmast í skattframkvæmdinni vegna þess hve ákvarðanir á grundvelli þess eru matskenndar. Því er málskotsréttur framteljanda á ákvörðun ríkisskattstjóra til fjölskipaðs æðra stjórnvalds eðlileg ráðstöfun sem líkleg er til að auka réttaröryggi framteljanda.

### IV. Ávinningur og lokaorð

Sameining stofnana er krefjandi verkefni og tekur mikinn tíma meðan á sameiningarferlinu stendur. Það er lauslega áætlað að slíkt sameiningarferli taki ekki skemmri tíma en 3 ár og líklega heldur rúmlega það. Það má því segja að þegar þetta greinar-

korn birtist séu starfsmenn ríkisskattstjóra e.t.v. rösklega hálfnaðir á vegferð sinni með að byggja upp nýtt skipulag á skattframkvæmd hérlandis.

Þegar horft er til baka, þó skammt sé liðið, verður ekki framhjá því litið að breytingin var skynsamleg. Skattareglurnar eru orðnar það flóknar og breytingar á skattalögum mun tíðari en áður var, að þeim verður ekki mætt án sérhæfingar á helstu áherslusviðum skattframkvæmdar. Slík sérhæfing er algjör forsenda þess að það takist að gæta samræmis í skattframkvæmdinni og fulls jafnræðis meðal framteljanda. Starfsmönnum sem unnu dreift við sambærileg verkefni hefur þannig ýmist verið skipað saman í einingar á landsvísu, sem ábyrgar eru fyrir afmörkuðum verkþáttum, eða fengin ný viðfangsefni í samræmi við breytta verkaskipan og endurskipulagningu fyrri starfstöðva.

Breyttir starfshættir og endurmat á skattframkvæmdinni samhliða hinni nýju löggjöf um sameiningu skattyfirvalda eru þannig líkleg til að tryggja nákvæmari skattframkvæmd, samræmi, jafnræði og hlutlægni í skattákvörðunum. Samhliða hafa grunn-gildi ríkisskattstjóra verið tekin til endurmats þar sem horft er jöfnum höndum til þess að gætt sé að þjónustu og eftirliti. Það eru þeir tveir meginþættir skattframkvæmdarinnar sem langmestu máli skipta og raunar má fella flest störf ríkisskattstjóra þar undir. Verður það verkefni starfsmanna ríkisskattstjóra á komandi árum að fylgja breytingunum eftir svo þær skili þeim ávinningi sem stefnt var að.

Skúli Eggert Þórðarson



## Af söguritun – viðtal við Kristján Sveinsson söguritara

*Kristján er sagnfræðingur að mennt og uppallinn á Tjörn á Skaga.*



### Dýri Guðmundsson ræddi við Kristján Sveinsson sem hefur nýlokið ritun sögu Félags löggiltra endurskoðenda

*Af hverju valdirðu sagnfræðina?*

Vegna þess að sagnfræðin getur veitt svör við ýmsum áleitnum spurningum. Sagnfræði er fræðigrein sem fjallar um liðinn veruleika og nálgast hann með margvíslegum og stundum nokkuð flóknum aðferðum. Með því að beita fræðilegum aðferðum er hægt að knýja fram svör við tilteknum spurningum eða afla sér vitneskju úr ákveðnu þýði sem maður hefur aðgang að. Það skiptir máli að þekkja til fortíðarinnar tel ég. Einhver atburðarás hefur orðið áður en við komumst á þann stað þar sem við erum nú og það hefur beinlínis hagnýtt gildi að átta sig á því. Þó er vissulega umdeilanlegt hversu mikið er unnt að læra af sögunni. Ekkert endurtekur sig nákvæmlega eins og áður fyrr en yfirleitt er sitthvað sameiginlegt með fortíð og samtíð. Ég held þó að fólk leiti almennt ekki lærdóma í fortíðinni fyrr en allt er komið í stakasta óefni. Eiginleikinn til að læra af reynslunni og vera fær um að flytja þekkingu milli kynslóða er engu að síður meðal þess sem greinir manninn frá öðrum dýrum. Þannig getum við safnað upp þekkingunni eins og hverjum öðrum forða. Sagnfræði er ágætt tæki til þess.

*Hvar leitaðirðu gagna fyrir sögu FLE?*

Ég leitaði gagna í skjalasafni FLE fyrst og fremst, en einnig í Þjóðskjalasafni, skjalasafni Háskóla Íslands og hjá Alþingi. Í

Þjóðskjalasafni er meðal annars að finna skjalasöfn ráðuneyta sem eru í meginatriðum opin. Almenna reglan er að eftir 30 ár er veittur aðgangur að skjölum opinberra stofnana, en þó eru skjöl um ýmis tiltekin málefni ekki gerð opinber fyrr en eftir 80 ár. Opinberar stofnanir skila skjölum sínum til Þjóðskjalasafns. Stundum er þó nokkur misbrestur á því og þá leitar maður til stofnananna sjálfra.



Löggiltir endurskoðendur 1 og 2

Í Þjóðskjalasafni kannaði ég fyrst og fremst gögn í skjalasafni atvinnumálaráðuneytis og síðar fjármálaráðuneytis en málefni endurskoðenda hafa heyrt undir þessi ráðuneyti. Á tímabili

virðist þó sem þau hafi fremur fylgt ráðherrum en ráðuneyti. Svo bar svo undarlega við að talsverðu af gögnum um endurskoðendur skaut upp meðal skjala landbúnaðarráðuneytisins. Það skýrist víst af heldur óhönduglegri flokkun þegar atvinnu-málaráðuneytinu var skipt upp í atvinnuvegaráðuneytin sem við þekkjum.

Ég tók einnig nokkur viðtöl við endurskoðendur sem höfðu gegnt störfum á vettvangi FLE en þau urðu þó ekki neinn burðarþáttur í heimildaöfluninni. Útgefið efni af ýmsu tagi var líka

það vilji til að halda til haga vitneskju um fortíðina, uppruna þessa félags, hvað gert hafi verið á vegum þess og hverju það hafi fengið áorkað. Ég geng út frá því að endurskoðendur, eins og svo margir aðrir, hafi áhuga á að nýta sér söguna til að skilja samtíð sína betur. Það er líka talsvert sterk hefð fyrir bókum af þessu tagi, þ.e. stéttartali og félags sögu. Ég reikna með að slík rit þjóni þeim hagnýta tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra hópa sem þau fjalla um og svo hefur sumt fólk talsverða skemmtun af sögulegum fróðleik.



Afmælisnefndin ásamt Kristjáni og framkvæmdastjóra. Frá vinstri: Símon, Ólafur Viggó, Sigurður, Kristján og Hrefna



Afmælisnefndin. Frá vinstri: Hrefna Gunnarsdóttir, Ólafur Viggó Sigurbergsson, Símon Á. Gunnarsson og Þorsteinn Haraldsson

notað í miklum mæli. Það er hægt að komast að þessu öllu með því að skoða heimildaskrá og tilvísanir.

Það kemur stundum á óvart hve litlu leit að gögnum skilar. Maður verður oft hissa á því hve lítið finnst um mál sem hafa verið í deigluinni. Það á raunar við um aðdraganda fyrstu laganna sem sett voru um löggilta endurskoðendur. Þetta getur átt sér ýmsar skýringar. Gögnin geta hafa glatast en kannski voru þau aldrei til. Ég held að íslensk stjórnsýsla hafi stundum verið ærið gloppótt hvað þetta varðar. Það hefur ýmsu verið kastað á glæ sem að réttu hefði átt að varðveita og formfestu hefur ekki alltaf gætt. Augljóst er samt að sum mál að hafa verið vel unnin og ágætlega hirt um skjalahaldið.

Talandi um það má geta þess að FLE hefur varðveitt sín skjöl ágætlega en það mætti skrá þau og flokka til að gera varðveisluna enn tryggari og gögnin aðgengilegri en þau eru nú. Svona skjalasöfn félaga eru auðvitað einstök hvert og eitt. Talsverður hluti gagnanna sem þau geyma er væntanlega hvergi til annars staðar og ekki er hægt að endurheimta þau ef þau glatast. Þau eru þannig langtum mikilvægari eign en t.d. innanstokksmunir eða tölvubúnaður.

*Hvert telur þú hafa verið markmið félagsins með því að skrifa þessar bækur?*

Ég fékk svo sem ekki skilgreiningu á því frá afmælisnefndinni og væri rétt að spyrja hana eða þá sem tóku ákvörðun um að láta taka saman félagatal og félags sögu FLE. En sjálfsagt var

*Voru vandamál og verkefni endurskoðenda eins í gamla daga og þau eru nú?*

Að ýmsu leyti held ég að þau hafi verið það en vissulega var starfsumhverfi þeirra sem fyrstir fengu löggildingu til endurskoðunarstarfa verulega frábrugðið því sem síðar varð og vinnubrögð og tækni hafa tekið miklum breytingum.

*Voru endurskoðendur þér hjálplegir við gerð bókarinnar?*

Já já, ég hef alls ekkert undan því að kvarta og ég átti góð samskipti við ritnefndina. Fólk sem ég leitaði til tók mér undantekningarlaust vel og ritnefndin hafði einlægan áhuga á að koma verkinu áfram. Það hefur alltaf mikið að segja.

*Hvernig byggir þú upp bókina?*

Með gamalkunnri annálaritun eða tímalínu annars vegar og svo þematengdum köflum hins vegar. Þetta eru eitthvað um 20 kaflar í allt. Ég byrja á því að segja frá aðdraganda fyrstu laganna um endurskoðendur og umræðum um þá. Þannig er grafið fyrir um það hvernig það bar til að starfsgreinin festi rætur hér á landi og hvað það var sem einkum olli því. Svo eru raktir ýmsir þættir í félagsstarfinu og tengdir samtímaatburðum og þróun. Ég hef leitast við að benda á og rekja tengsl milli samfélagsþróunar og atburða á vettvangi félagsins, því ekkert verður til af engu, og láta þær heimildir sem ég hafði upp á, segja frá því sem mér þótti skipta mestu fyrir sögu félagsins og þróun þess. Þarna er samspil breytingavalda sem verður að koma fram.

*„Harmræn hagsaga Íslands og harmsögur heimsbókmenntanna“ voru orð sem þú viðhafðir á hádegisverðarfundinum hjá FLE?*

Já, í gamni en þó ekki án nokkurrar alvöru enda verður skop aldrei skoplegt án hins harmræna mótvægis. Það eru vissulega ákveðnir þættir í íslenskri hagsögu sem eru mjög dramatískir. Við vitum að miðaldabókmenntir hafa borið okkur nokkra frægð og nú skilst manni að hremmingar í efnahagslífinu hafi skapað Íslandi talsvert orðspor á síðustu árum, jafnvel heimsfrægð. Mætti þó vonast til að hún entist skemur en glóð Íslendingasagnanna. Íslenskt samfélag hefur gengið í gegnum ýmsar hagrænar sviptingar á liðnum öldum. Á þeirri síðustu bjuggum við lengi við gríðarmikla verðbólgu og fundin var aðferð, verðtryggingin, til að tjónka við hana og hefur orðið bæði langvinn og viðtæk. Það er vissulega áberandi sérkenni á okkar högum. Svo hafa orðið gríðarlegar hagsveiflur hér og þenslu- og samdráttarskeið skipst á með skörpum skilum. Síðasta öld hófst með miklu þensluskeiði eins og þessi sem við erum nú stödd á. Vafalaust er það einber tilviljun, en sviptingar í efnahagsmálum hafa oft orðið miklar hér og við höfum sannarlega ekki farið varhluta af þeim upp á síðkastið. Mér hefur sýnst að þeim hafi fylgt meiri harmur en kæti.

*Hvernig nálgast maður verkefnið án þess að gildishlaða það?*

Það eru til vel þekktar aðferðir til þess að gæta hutlægni. Maður einsetur sér að gegna ekki öðrum erindum í rannsókn og frásögn en að greina frá viðfangsefninu eins og það birtist í varðveittum heimildum og túlka þær af varfærni og sanngirni. Þetta þýðir meðal annars að maður reynir að láta ekki stjórnmálaskoðanir eða eigið mat á mönnum og málefnum hafa of mikil áhrif á sig eða villa sér sýn. Ég hef enga trú á hugtakið „dómur sögunnar“. Sagnfræðin getur einungis búið til mismunandi frásagnir af fortíðinni sem hver og einn getur svo notað til að fella sína dóma ef fólk telur sig hafa þörf fyrir þá. Ég reyni að halda aftur af minni dómgirni og hleypidómum þegar ég er í vinnunni. Sagnfræði snýst mikið um að átta sig á breytingum og breytingavöldum og þetta á maður að geta komið auga á og fjallað um án tillits til þess hvort manni líkar betur eða verr.

*Þú orðaðir það svo á hádegisverðarfundinum að bækur verði að bjarga sér sjálfar?*

Já, ég er á því. Þegar verkinu er lokið hefur höfundurinn ekkert meira með það að gera. Bækurnar eignast sitt líf með lesandanum. Þær bjarga sér sjálfar. Eða farast.

*Samlíking þín við aflabrögðin, svo ég vitni enn í hádegisverðarfundinn?*

Ég líki stundum iðju sagnfræðings sem skrifar bækur við starf fiskimannsins. Eins og sagnfræðingurinn leitar vitneskju um viðfangsefni sitt rær fiskimaðurinn í von um að afla, en ekki eru allar ferðir til fjár þótt farnar séu. Stundum fiskast ekki neitt og stundum finnur sagnfræðingurinn ekkert sem gagnast. Sjómaðurinn leitar þá á önnur mið og sagnfræðingurinn færir sig kippkorn líka og grúskar á nýjum slóðum. Ef þeir kumpánar afla eitthvað þarf sjómaðurinn að gera að, salta og herða en

sagnfræðingurinn að skoða, skilgreina og skrifa eins og hann best kann. Efnisöflunin getur reynst tímafrek og stundum slítandi þegar afraksturinn er lítill. En þetta kemst upp í vana og maður lærir að taka þeim afraksturslitlu dögum sem koma óhjákvæmilega.

*Er til skilgreininga- eða flokkunarkerfi í skjalasöfnum svona eins og Dewey í bókasöfnum?*

Já, skjalasöfn eru flokkuð og skráð eftir ákveðnum kerfum sem eru mismunandi og þarf að læra á hvert og eitt þeirra. Yfirleitt eru þau þó keimlík þessi kerfi en flokkunin er að jafnaði ekki mjög ítarleg þannig að það er yfirleitt ekki annað að gera en fara í gegnum skjalapakkana eða gjörðabækurnar og skoða allt rækilega. Það getur reynst ærið tímafrekt en þetta er eina leiðin til að komast að því hvað þarna er að finna. Sum söfn eru hvorki skráð né flokkuð. Það á við um safn FLE.



*Valdi Guðna og Óli Viggó að velja myndir í bókina*

*Er gúggl viðurkennd aðferð í sagnfræði?*

Já, því skyldi hún ekki vera það? Það er ekki aðferðin sem maður notar til leitar sem skiptir höfuðmáli heldur hvað maður finnur þó auðvitað séu ekki allar aðferðir jafn líklegar til árangurs. Og ef eitthvað notadrjúgt finnst með leit í tölvu þá er ekkert að því. Ef hægt væri að temja hund til að finna heimildir þá myndi ég útvega mér slíkan hund. Það er heldur ekkert athugað við rafræna varðveislu heimilda svo lengi sem hún er haldþær. En það er svo skammt síðan rafræna byltingin hófst að það er ekkert verulega mikið af þeim gögnum sem sagnfræðingar nota á netinu enn sem komið er. Þó hafa sum söfn komið upp rafrænum skjalaskráum. Það var kominn vísir að slíkri skrá á heimasíðu Þjóðskjalasafns en hún var tekin niður í haust af einhverjum ástæðum. Það var bagalegt því það mátti vel nota það sem þarna var. Það er líka sjálfsagt að nefna vefsetrið timarit. is á vef Landsbókasafns. Þar má nálgast íslensk dagblöð og tímarit á rafrænu formi. Það er feikna gott gagn að því. Rafræni heimildaforðinn vex hratt ár frá ári. Ég held að það sé ekki nema gott eitt að segja um það.

### Aftur til baka í sögu FLE

Já, þetta var ágætt verk að vinna að flestu leyti. Engin verulega þung aðferðafræðileg vandamál. Það tók um 8 mánuði sem ég vann þó ekki alla í einni lotu heldur í áföngum. Mér finnst gott að taka tarnir á svona efni og láta það svo liggja óhreyft í einhvern tíma þar til maður tekur svo til á nýjan leik. Þá sér maður yfirleitt sitthvað í öðru ljósi en fyrr og kemur auga á annað sem hafði flotið framhjá. Vegna þess hve skammur tími var til ráðstöfunar var ekki um annað að ræða en beina kröftunum öllum að félaginu og sögu þess. Það var lítið ráðrúm til að fjalla um störf endurskoðenda á öðrum vettvangi eða breytingar á starfsgreininni.



Kristján gengur frá myndatexta í bókina

### Kom þér eitthvað á óvart við vinnuna?

Ég hef aldrei skrifað sögu félagasamtaka áður, hef aðallega verið að fást við sögu atvinnulífsins undanfarið og vissulega er margt sameiginlegt með fyrri viðfangsefnum mínum og þessu og margt sem var kunnuglegt. En það kom mér á óvart hve félagið hefur verið kraftmikið og öflugt, einkanlega síðustu áratugina auðvitað eftir að það varð fjölmennara og þróttmeira en á fyrstu árunum. FLE hafði komið fleiru til leiðar en mig renndi í grun í fyrstu. Endurskoðendur hafa gjarnan það orð á sér að vera starfsamir og ég get ekki betur séð en það birtist í félagsstarfi þeirra einnig.

Mörgum finnst gerðar miklar kröfur til stéttarinnar og félagsins og horft er stundum á samanburð við lögfræðinga – hvað finnst þér?

Ég veit alla vega ekki um neina stétt aðra sem gerðar eru svona miklar kröfur til hvað varðar endurmenntun en annars er erfitt að dæma um þetta nema með haldbærum samanburði og ekki þekki ég málefni lögfræðinga eða annarra sambærilegra starfstétta svo vel að ég geti dæmt um það. Starfsemi FLE tekur mið af þeim miklu kröfum sem gerðar eru til endurskoðenda og hefur haldið úti ýmiss konar starfi til að bregðast við þeim. Mér sýnist líka að hið opinbera kerfi hafi stundum ýtt ákveðnum verkefnum á endurskoðendastéttina og látið hana um að draga vagninn. T.d. má nefna skattkerfisbreytinguna 1980–1981 en þá tók félagið kúf af stjórnkerfinu til að leysa þetta mál þar sem ríkið gat varla klárað sig af því að koma breytingunum í gegn vandræðalaust. Fræðslustarfið, sem FLE stóð fyrir á þeim tíma, var stórt verkefni, þ.e. að kynna nýju skattalögin og þjálfa félagsmenn í beitingu þeirra. Ef félagið hefði ekki gert það þá hefði ekki tekist eins vel til með þessar breytingar og raun varð á. Ég met það svo að stjórnvöld hafi átt mikið undir frammi-stöðu félagsins á þeim tíma.

### Hvað segirðu um einangrun og sérstöðu íslenskra endurskoðenda, og svo samvinnu við aðrar þjóðir?

Ég geri þessum snertiflötum skil, þ.e. samstarfi FLE við norræn félög endurskoðenda og áhrif erlendra samtaka og bandalaga á starfsemi félagsins og starfsumhverfi endurskoðenda. Fyrst í stað sóttu íslenskir endurskoðendur fyrirmyndir einkum til Norðurlanda, svo hafði fríverslunarsambandið EFTA veruleg áhrif, þá EES-samningurinn og loks Evrópusambandið að ógleymdum alþjóðasamtökum endurskoðenda. Ég held að íslenskir endurskoðendur hafi aldrei verið einangraðir nema meðan á seinni heimstyrjöldinni stóð. Þeir stóðu þvert á móti lengstum í talsverðum erlendum samskiptum og sóttu fræðslu og fyrirmyndir út fyrir landsteinana allt frá upphafi og vildu raunar ganga lengra á þeirri braut en stjórnvöld.

Annað mál er að það var ekki fyrr en undir lok síðustu aldar sem íslensk fyrirtæki tóku til við rekstur erlendis í einhverjum mæli og auðvitað breytti það miklu fyrir íslenska endurskoðendur að störf þeirra urðu ekki lengur jafn staðbundin og þau höfðu verið fram að því. Þeir þurftu líka að miða störf sín við alþjóðlegt regluverk í sívaxandi mæli.

### Er eitthvað sem endurskoðendur geta lært af sögunni?

Ef þú átt við sögu FLE þá vonast ég til að þeir geti lært sitthvað af henni um félagið sitt, þróun þess og viðfangsefni.

Dýri Guðmundsson





## Dæmi um mismunandi skattaleg áhrif

Hér á eftir fer einfalt dæmi um mismunandi skattalega niðurstöðu hvort um niðurfellingu skulda eða skilmálabreytingu sé að ræða í skilningi bráðabirgðalaga um meðferð eftirgjafar skulda. Gert er ráð fyrir 100 m. kr. láni sem tekið er í upphafi árs 2006. Staða skulda félagsins næmi í dag tæpum 218 m. kr. þrátt fyrir að greitt hafi verið af lánum félagsins fyrir rúmar 71 m. kr. á lánstímanum. Miðað er við myntkörfuna 50% CHF og 50% JPY og 25 ára lán greitt með jöfnum afborgunum. Myndin hér að neðan sýnir þróun lánsins á árunum 2006 til 2011.

| Gengistryggt lán                   | 2006  | 2007  | 2008  | 2009  | 2010  | 2011  | 2006-2011 |
|------------------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-----------|
| Höfuðstóll í upphafi tímabils..... | 100,0 | 109,0 | 99,6  | 242,0 | 217,1 | 200,9 | 100,0     |
| Vextir.....                        | 3,4   | 4,0   | 6,0   | 5,8   | 5,5   | 4,2   | 28,8      |
| Greiddar afborganir og vextir..... | -7,6  | -8,2  | -12,4 | -15,4 | -15,5 | -12,2 | -71,4     |
| Gengismunur.....                   | 13,2  | -5,2  | 148,8 | -15,3 | -6,1  | 25,9  | 161,4     |
| Höfuðstóll í lok tímabils.....     | 109,0 | 99,6  | 242,0 | 217,1 | 200,9 | 218,8 | 218,8     |

Samkvæmt endurútreikningi lánsins, sem grundvallast á þeim dómum sem Hæstiréttur Íslands hefur kveðið upp í svokölluðum gengislánamálum, næmu eftirstöðvar lánsins 94,3 m. kr. Niðurfelling næmi því 124,5 m. kr. Myndin hér að neðan sýnir endurútreikninga lánsins fyrir árin 2006 til 2011.

### Endurútreikningur á grundvelli dóms Hæstaréttar

|                                    | 2006  | 2007 | 2008  | 2009  | 2010  | 2011  | 2006-2011 |
|------------------------------------|-------|------|-------|-------|-------|-------|-----------|
| Höfuðstóll í upphafi tímabils..... | 100,0 | 99,1 | 99,1  | 102,5 | 100,0 | 91,1  | 100,0     |
| Vextir.....                        | 12,1  | 15,0 | 15,8  | 12,9  | 6,6   | 3,2   | 65,6      |
| Greiddar afborganir og vextir..... | -7,6  | -8,2 | -12,4 | -15,4 | -15,5 | -12,2 | -71,4     |
| Höfuðstóll í lok tímabils.....     | 99,1  | 99,1 | 102,5 | 100,0 | 91,1  | 82,0  | 94,3      |

Ef farið væri með niðurfellinguna sem skilmálabreytingu í skilningi laga um skattalega meðferð eftirgjafar skulda myndi leiðrétting á áður gjaldfærðum fjármagnskostnaði nema sömu fjárhæð og niðurfellingin eða 124,5 m. kr. Ef valkvætt væri með hvaða hætti leiðréttu skyldi áður gjaldfærðan fjármagnskostnað hefur það mismunandi skattaleg áhrif. Ef öll leiðréttingin er tekjufærð á árinu 2011 í 20% skattþrepi yrðu skattaáhrifin 24,9 m. kr. Ef heimilt væri að taka upp framtöl fyrri ára og notfæra sér þannig lægri skattahlutfall á þeim tíma þegar fjármagnskostnaðurinn féll til næmu samanlögð skattaáhrif 23,6 m. kr.

### Leiðréttur áður gjaldfærður fjármagnskostnaður

|                                              | 2006  | 2007  | 2008  | 2009  | 2010 | 2011 | 2006-2011 |
|----------------------------------------------|-------|-------|-------|-------|------|------|-----------|
| Leiðréttir vextir gengistryggt lán.....      | 3,4   | 4,0   | 6,0   | 5,8   | 5,5  | 4,2  | 28,8      |
| Leiðréttur gengismunur gengistryggt lán..... | 13,2  | -5,2  | 148,8 | -15,3 | -6,1 | 25,9 | 161,4     |
| Endurreiknaðir vextir.....                   | -12,1 | -15,0 | -15,8 | -12,9 | -6,6 | -3,2 | -65,6     |
| Skattskyldar tekjur samtals (tap).....       | 4,4   | -16,2 | 139,0 | -22,4 | -7,2 | 26,9 | 124,6     |
| Skatthlutfall                                | 18%   | 18%   | 18%   | 15%   | 18%  | 20%  | 20%       |

Það hefði hins vegar umtalsverð skattaleg áhrif ef niðurfellingin yrði framkvæmd sem eftirgjöf skulda en ekki skilmálabreyting. Í því felst að lánu er haldið í upphaflegri mynt, en hluti höfuðstólsins er gefin eftir.

Ef félagið á ekkert yfirfæranlegt tap kæmi niðurfellingin að fullu til skattskyldra tekna sem leiðrétting á áður gjaldfærðum rekstrar-kostnaði. Ef um eftirgjöf skulda væri að ræða næmi skattskyldar tekjur hins vegar eingöngu 80,9 m. kr. eða 43,6 m. kr. lægra

|                                 | Skilmála-<br>breyting | Eftirgjöf<br>skulda | Yfirfæranleg tap til staðar     | Skilmála-<br>breyting | Eftirgjöf<br>skulda |
|---------------------------------|-----------------------|---------------------|---------------------------------|-----------------------|---------------------|
| <b>Ekkert yfirfæranlegt tap</b> |                       |                     |                                 |                       |                     |
| Niðurfelling                    | 124,6                 | 124,6               | Niðurfelling                    | 124,6                 | 124,6               |
| Yfirfæranlegt tap og tap ársins | 0,0                   | 0,0                 | Yfirfæranlegt tap og tap ársins | -50,0                 | -50,0               |
| Samtals eftir nýtingu taps      | 124,6                 | 124,6               | Samtals eftir nýtingu taps      | 74,6                  | 74,6                |
| 50% af fyrstu 50 millj.         |                       | 25,0                | 50% af fyrstu 50 millj.         |                       | 37,3                |
| 75% af umfram 50 millj.         |                       | 55,9                | 75% af umfram 50 millj.         |                       | 0,0                 |
| Skattskyldar tekjur samtals     | 124,6                 | 80,9                | Skattskyldar tekjur samtals     | 74,6                  | 37,3                |

heldur en skv. hinni aðferðarfræðinni eins og sjá má á myndinni hér á undan. Einnig gæti félagið nýtt sér skattfrestunarkosti á því sem eftir er, dreift tekjufærslunni á þrjú ár eða aukafyrnt fyrnanlegar eignir. Félagið gæti þannig sparað sér 8,7 m. kr. í skattgreiðslur og að auki notið hagræðis skattfrestunar.

Svipaða sögu er að segja ef félagið á nokkuð yfirfæranlegt tap sem nota skal fyrst á móti niðurfellingunni. Ef félagið ætti 50 m. kr. í yfirfæranlegt tap auk taps núverandi rekstrarárs næmi skattstofn félagsins 74,6 m. kr. ef um skilmálabreytingu væri að ræða. Niðurfelling í formi eftirgjafar skulda leiddi hins vegar eingöngu til 37,3 m. kr. tekjufærslu.

## Réttarþróun

Þegar þetta er ritað er ekki fyllilega ljóst með hvaða hætti Hæstiréttur Íslands muni taka á öllum þeim álitaefnum sem fylgja gengistryggðum lánasamningum. Grein þessi tekur mið af dómafordæmum réttarins í málum einstaklinga og lögaðila, sem fallið hafa fram að ritun hennar.

Það er álitamál hvernig fara beri með skattskil rekstraraðila sem gengur að skilmálabreytingum á sínum lánasamningum, en á seinni stigum kæmi í ljós að þeir samningar hafa innihaldið ólögmæta gengistryggingu. Þó að það geti almennt skipt máli hvort leiðrétting lánasamninga eigi sér stað á grundvelli endursamnings skilmála eða á þeim grundvelli að lán er dæmt ólögmætt, verður ekki séð að það skipti höfuðmáli í skattalegum skilningi. Því mun verða áhugavert að sjá hvernig skattyfirvöld munu mæla fyrir um að leiðréttingu framtala vegna ólögmætra gengislána rekstraraðila.

Hér er ekki verið að gagnrýna þau úrræði sem gripið hefur verið til, í þeim tilgangi leysa úr erfiðri stöðu íslensks efnahagslífs. Tilgangur þessarar greinar er að minna á að rekstraraðilar, ekki síður en löggjafinn, þurfa að gefa því gaum hvaða afleiðingar skuldaendurskipulagning hefur á skattskil. Hætt er við því að þær hagsbætur sem stefnt er að fari fyrir bí vegna skattgreiðslna morgundagsins.

*Gunnar Egill Egilsson hdl og Sturla Jónsson*



## Fyrsti heiðursfélagi FKE

*Ingunn Hafdís Hauksdóttir, löggiltur endurskoðandi hjá Ernst & Young ehf.*



Erna Bryndís

Félag kvenna í endurskoðun (FKE) var stofnað 23. nóvember 2006 með það í huga að efla tengslanet kvenna sem starfa við endurskoðun. Stofnendur félagsins voru nokkrar af fyrstu kvenendurskoðendum á Íslandi, þar á meðal Erna Bryndís Halldórsdóttir og gegndi hún formennsku í félaginu um skeið. FKE ákvað að tilnefna Ernu Bryndísi sem fyrsta heiðursfélagi FKE og hlaut sú tilnefning einróma samþykki félagskvenna og var henni veitt viðurkenningin

á aðalfundi félagsins 6. október síðastliðinn.

Erna Bryndís Halldórsdóttir er fædd í Reykjavík árið 1951. Hún hóf ung störf við endurskoðun, fyrst hjá Eyjólfri K. Sigurjónssyni, þá hjá Coopers og Lybrand og loks við eigin endurskoðunarfyrirtæki þar til hún söðlaði um og hefur síðan rekið eigin stjórnunar- og ráðgjafarfyrirtæki.

Erna Bryndís hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum í gegnum tíðina. Hún hefur setið í stjórn og nefndum FLE og fjölmörgum nefndum og stjórnnum bæði á vegum hins opinbera,

atvinnulífsins og félagasamtaka og síðast en ekki síst starfaði hún í FKE eins og áður hefur komið fram.

Erna Bryndís hefur aldrei hikað við að fara ótroðnar slóðir. Hún var í hópi fyrstu kvenna sem þreyttu próf til löggildingar í endurskoðun en þurfti að bíða í ár eftir að fá löggildingu sökum æsku en á þeim tíma var það eitt af skilyrðum til löggildingar að hafa náð 25 ára aldri. Hún fór að því loknu til starfa bæði í Danmörku þar sem hún hlaut einnig löggildingu sem endurskoðandi og í Bandaríkjunum.

Hún hefur ótrauð barist fyrir þeim málum sem hafa brunnið á henni hvort sem það er í þágu fjölskyldu og vana, fagsins, atvinnulífsins eða kynsystra sinna. Erna Bryndís er brautryðjandi á mörgum sviðum. Hún tileinkaði sér frá upphafi mikla fagmennsku í vinnu sinni sem endurskoðandi og skar sig að mörgu leyti úr hvað varðar nálgun sína í endurskoðuninni á þeim tímum sem fagið var talsvert vanþroskaðra en nú er a.m.k. á Íslandi. Erna Bryndís hefur líka barist fyrir umbótum í mörgum málum í þágu íslensks atvinnulífs með góðum árangri. Síðast en ekki síst hefur hún verið mikil hvatning fyrir aðrar konur í stéttinni og verður að teljast guðmóðir FKE. Engin er því betur að því kominn að verða fyrsti heiðursfélagi í FKE.

*Ingunn Hafdís Hauksdóttir*



## Golfannáll 30 ára saga

**Sigurður Tómasson**

*er endurskoðandi og forseti alþjóðadeildar golfhóps FLE*

Í nýútkomnu riti um sögu FLE stendur í kaflanum um skemmtanir og hátíðahöld að stór hópur FLE-félaga hafi farið til Brussel (árið 1992) til að kynna sér EES-samninginn og "nýttu sumir í hópnum tækifærið til golfleiks, en golf er vinsæll leikur meðal endurskoðenda og hefur golfáhugafólk í FLE haldið árlegt keppnismót í golfi síðan 1982 og staðið fyrir ferðum á vinsæla erlenda golfvelli". Svo mörg voru þau orð og er ekki annars staðar í ritinu getið um golfleik endurskoðenda. Það eru líka gild rök fyrir því þar sem þessi golfmót eru ekki á vegum félagsins sem slíks heldur hafa golfáhugamenn innan stéttarinnar haft forgöngu um allt það sem þessu viðkemur. En nafn félagsins er notað og ennfremur félagsmerkið eins og fyrir sögnin á þessari grein sýnir mjög sterklega. Ennfremur hefur félagið gefið verðlaun til keppninnar eins og síðar verður getið.



Hópurinn 2010

Ljósmynd: Ívar Guðmundsson

Áður en ritið um sögu FLE kom út hafði kynningarnefnd félagsins haft samband og óskað eftir grein um golfiðkan endurskoðenda í þau 30 ár sem keppnismótin í golfi hafa verið haldin. Tilurð þessarar greinar er að uppfylla þær óskir en er ekki ætlað að vera uppfyllingar- eða viðbótarefni við lítinn hlut golfsins í söguritun félagsins. Þessi grein verður því einhverskonar 30 ára saga golfsins innan endurskoðendastéttarinnar.

Keppnismót í golfi meðal endurskoðenda, sem við höfum kallað Meistaramót FLE í golfi, á sér samfellda 30 ára sögu. Það var 29. dag september mánaðar árið 1982 sem boðað var til fyrsta golfmóts félagsins. Það var síðan þann 19. ágúst 2011 sem meistaramótið þetta árið fór fram og þannig geta töluglökkir menn fundið út að þessi keppnismót hafi farið fram samfelld í 30 skipti. Það hefur óneitanlega verið til mikilla heilla fyrir félagið hversu vel hefur tekist til að halda þessu áfram frá byrjun og áreiðanlega orðið til að efla félagsleg tengs meðal

endurskoðenda. Auðvitað hafa þátttakendur verið mismargir í þessi 30 ár, fæstir 9 á fyrsta golfmótinu og síðan 8 á golfmótinu 1988 en flestir 36 nú á árinu 2011. Ef borið er saman við félagafjölda í FLE; 133 í lok starfsárs 1982, 171 félagar í lok starfsárs 1988 og 370 í lok starfsárs 2011, þá er um greinilega aukningu þátttakenda að ræða; tæp 7% félagsmanna tók þátt 1982, tæp 5% árið 1988 en tæp 10% á árinu 2011. Er þetta aðeins í fullu samræmi við auknar vinsældir þessarar íþrótta-greinar, jafnt innan sem utan við heim endurskoðenda.

Hlutfallstalan 10% af ákveðnum fjölda félagsmanna, sem mæta til þátttöku í einu keppnismóti, er umtalsverður fjöldi og næsta víst að hlutfallslega er þetta góð þátttaka ef t.d. miðað er við hádegisfundir félagsins. Hádegisfundir félagsins eru annað fyrirbæri sem hafa fest sig rækilega í sessi í starfsemi félagsins. Við skráningu sögu félagsins, sem fyrr hefur verið vitnað til, þá er upphafstími hádegisfunda talinn vera á árinu 1959 þannig að tilvist þeirra er orðin rúm 50 ár. Þó hér sé ólíku saman að jafna, 10 hádegisfundir á ári fyrir alla og eitt keppnismót á ári fyrir takmarkaðan fjölda, þá er samlíkingin sú að það eru ekki margir fastir dagskrárliðir í sögu félagsins sem hafa náð þeim aldri sem hér er skrifað um. Og víst þykir að mikill missir yrði það í starfsemi félagsins ef hádegisfundir legðust af og á sama hátt er það von ritara þessa pistils að það mundi þykja sjónarsviptir ef keppnismótin í golfi innan félagsins yrðu aflögð einhvern tíma í framtíðinni.

Á fyrsta meistaramótið mættu til leiks eftirtaldir endurskoðendur, nefndir í stafrófsröð: Erna Bryndís Halldórsdóttir, Guðjón Eyjólfsen, Guðmundur Friðrik Sigurðsson, Guðmundur Frímannsson, Heimir Haraldsson, Jón Hilmarsson, Ómar Kristjánsson, Reynir Vignir og Sigurður Tómasson. Á þessu móti keppti sem gestur enskur endurskoðandi og var hann þá tíundi keppandinn. Eftir vel útfærðan leik og harða keppni var elsti keppandinn Guðjón Eyjólfsen sigurvegari og telst hann vera fyrsti golfmeistari FLE. Það er athygli vert að af þessum fyrstu 9 þátttakendum frá 1982 voru 5 með í 30 ára afmælistótinu 2011 þannig lengi lifir í gömlum glæðum. Og næsta víst að ef litið er til skorkortsins þá hefur árangurinn frekar batnað en hitt a.m.k. hjá þeim sem yngri voru árið 1982. Ekki er þess að vænta að einhver golfleikari hafi tekið þátt í öllum 30 keppnismótunum en um það verður þó ekkert fullyrt þar sem ekki er til þátttakendaskrá fyrir hvert ár. Hins vegar eru ýmsir í hópnum sem sjást oftast meðal þátttakenda en aðrir, án þess að ástæða sé til eða mögulegt sé að fara nánar út í það.



Forsetinn og Assistant Ómar Kristjánsson



Prefaldur golfmeistari FLE árið 2007 umkringdur spilafélögum



Einvaldur Skota, Derek Taylor og Sigurður Tómasson forseti Alþjóðadeildar FLE



Á skilti við hlið Ívars Guðmundssonar stendur Picts vs. Vikings

Öll meistaramót FLE hafa farið fram á höfuðborgarsvæðinu, golfvelli í Reykjavík, Hafnarfirði og Seltjarnarnesi hafa verið valdir til að hýsa þessi mót. Fyrsta mótið fór fram á Grafarholtsvelli í Reykjavík og þar hafa flest mótin verið haldin, einnig það síðasta. Öll árin hafa einhverjir félagsmenn, einn eða fleiri, séð um þessi mót og annast alla framkvæmd þeirra. Því fleiri sem þátttakendur eru því meira umstang en allir hafa fúslega tekið að sér þá fyrirhöfn sem þessu fylgir. Enda eftir nokkru að slægjast því starfsheitið er einvaldur – golfeinvaldur. Keppnisfyrirkomulagið um meistaratitil félagsins er forgjafaleikur sem gefur öllum þátttakendum jafna möguleika til sigurs. En auk þess hafa verið veitt verðlaun í öldungaflokki 55 ára og eldri, verðlaun fyrir besta golfskor o.fl. Nú síðustu 2 árin, 2010 og 2011, hefur einnig verið keppt um titilinn golfmeistari kvenna meðal endurskoðenda og hefur Helga Harðardóttir (KPMG ehf.) orðið golfmeistari kvenna bæði árin.

Verðlaun hefur ekki skort á þessum meistaramótum og auk persónulegra verðlaunagripa þá er keppt um farandbikar sem golfmeistari FLE hvert ár geymir til næsta móts. Þessi farand-

bikar var fyrst gefinn af félaginu á 50 ára afmælisári félagsins 1985 og keppt um þann bikar árin 1985 – 1994. Á 60 ára afmælisári félagsins 1995 gaf félagið annan farandbikar til að keppa um árin 1995 – 2004 og síðan gaf félagið 3ja bikarinn til keppni árin 2005 – 2014. Eftir hvert 10 ára tímabil er viðkomandi bikar tekinn úr umferð og geymdur í félagsheimilinu öllum til sýnis sem í heimsókn koma á skrifstofu félagsins. Nöfn sigurvegara hvers árs er skráð á bikarinn. Nú síðustu árin hefur félagið að auki haft sérstakan styrktaraðila sem hefur gefið verðlaun til mótsins sem gerir verðlaunaafhendingu í mótslok veigameiri og eftirsóknarverðari. Er það fyrirtækið Bakkus ehf. sem hefur verið styrktaraðili.

Hér á eftir koma nöfn þeirra endurskoðenda sem orðið hafa golfmeistarar FLE árin 1982 – 2011 og að auki fjöldi þátttakenda hvert ár um sig. Þó ekki sé til nafnalisti yfir þátttakendur hvert ár þá hefur verið haldið til haga tölu yfir fjölda þeirra sem hvert sinn hafa verið með. Þetta er ekki í samræmi við þá merkilegu hefð okkar endurskoðenda að kvitta fyrir með fullu nafni í gestabók hvert sinn sem við mætum á hádegisfund.



Hefði verið fengur af því að hafa slíka gestabók á meistaramótunum. En hér kemur listinn:

| Ár   | Nafn sigurvegara             | Fjöldi |
|------|------------------------------|--------|
| 1982 | Guðjón Eyjólfsson            | 9      |
| 1983 | Ómar Kristjánsson            | 10     |
| 1984 | Guðmundur Friðrik Sigurðsson | 12     |
| 1985 | Heimir Haraldsson            | 13     |
| 1986 | Guðmundur Friðrik Sigurðsson | 16     |
| 1987 | Helgi V. Jónsson             | 11     |
| 1988 | Reynir Vignir                | 8      |
| 1989 | Heimir Haraldsson            | 13     |
| 1990 | Ómar Kristjánsson            | 15     |
| 1991 | Emil Th. Guðjónsson          | 17     |
| 1992 | Guðmundur Hjaltason          | 15     |
| 1993 | Árni Tómasson                | 18     |
| 1994 | Heimir Haraldsson            | 17     |
| 1995 | Árni Tómasson                | 19     |
| 1996 | Stefán Svavarsson            | 17     |
| 1997 | Hallgrímur Þorsteinsson      | 20     |
| 1998 | Jónatan Ólafsson             | 16     |
| 1999 | Jón Þ. Hilmarsson            | 12     |
| 2000 | Ragnar Guðgeirsson           | 16     |
| 2001 | Ómar Björnsson               | 18     |
| 2002 | Ómar Björnsson               | 22     |
| 2003 | Guðmundur Frímannsson        | 13     |
| 2004 | Stefán Svavarsson            | 19     |
| 2005 | Helga Harðardóttir           | 14     |
| 2006 | Óskar Sverrisson             | 17     |
| 2007 | Stefán Svavarsson            | 14     |
| 2008 | Ragnar Bogason               | 21     |
| 2009 | Jón S. Helgason              | 25     |
| 2010 | Ólafur M. Ólafsson           | 31     |
| 2011 | Birgir G. Haraldsson         | 36     |

Alls hafa 23 einstaklingar orðið meistarar í þau 30 skipti sem keppnin hefur verið haldin. Þeir sem fylgjast með atvinnumannamótaröð golfara í USA og Evrópu vita að alls konar tölfræði er unnin og reyndar með ólíkindum hvað skráð er í árangri, t.d. höggafjöldi, nákvæmni í höggum, o.fl. o.fl. Eitt sem einkennir það talnaflóð er aldur sigurvegara hinna ýmsu móta og þar getum við orðið jafnokar útflendingunum í tölfræðinni. Sá sem var yngstur þegar hann varð meistari var Guðmundur Hjaltason árið 1992, það árið varð hann 29 ára. Sá elsti er Stefán Svavarsson sem varð 61 árs árið 2007 þegar hann varð meistari í 3ja sinn. Meðalaldur sigurvegara mótsins er 44 ár. Rétt að geta þess að árið 2007 gerði Stefán gott betur

en að verða golfmeistari félagsins því þá sigrði hann einnig í öldungaflokki og átti besta golfskorið meðal keppenda. Þrefaldur sigurvegari það árið og hafa ekki aðrir leikið það eftir. En auk meistaramótsins hafa golfáhugamenn innan stéttarinnar mætt til leiks við önnur tækifæri, bæði í innbyrðis viðureignum og í keppnum við aðrar sérfræðistéttir. Hafa þar aðallega tannlæknar og lögfræðingar fengið það verkefni að glíma við endurskoðendur. Engin gögn eru til aðgengileg sem segja mundu til um hverjir báru hærri hlut í þeim viðureignum hverju sinni. Endurskoðendur mættu ávallt til leiks með það fyrst og fremst í huga að eiga jafnan og góðan leik í góðum félagsskap og það tókst með ágætum. Þessar viðureignir hafa nú lagst af, a.m.k. tímabundið, fyrst og fremst vegna annríkis þessara starfsstétta og þess hversu mörg önnur afþreying er nú í boði fyrir þá sem eftir því leita. Verður nú ekki frekar ritað um innanlandssögu endurskoðendagolfs en vonandi verður slíkur kafli skrifaður aftur að liðnum 30 árum til viðbótar.

En í ritaðri sögu FLE segir líka að endurskoðendur hefðu "staðið fyrir ferðum á vinsæla golfvelli erlendis." Þess vegna kannski við hæfi að rita fáein orð um það fyrirbæri. Endurskoðendur höfðu um langt skeið leitað á erlenda golfvelli sem einstaklingar með mökum eða í hópum á vegum einstakra skrifstofa. En á árinu 1998 kom fram sú hugmynd að endurskoðendur færu í golfferð til Skotlands með það í huga að hitta skoska endurskoðendur í ferðinni og leika golf við þá – einhverskonar landsleikur endurskoðenda í golfi. Um þessa ferð var ritaður mikill bálkur sem birtist í 2. tbl. FLE fréttarárið 1998. Fyrir áhugasama er einfalt að finna þessa grein á innri vef FLE. Hér er því ekki ástæða til að rifja upp einstök smáatriði þeirrar ferðar en aðeins geta þess að þetta var upphaf af ferðum endurskoðenda á "vinsæla golfvelli erlendis" og auk þess upphafið af 10 ára samfelldri golfsamskiptasögu við The Institute of Chartered Accountants in Scotland þar sem endurskoðendur frá FLE og ICAS hittust og kepptu í golfi og áttu saman góða dagstund fram í myrkur.

Í golfannál fyrir árið 2003 segir svo í FLE fréttum: "...komu skotarnir okkar þægilega á óvart með verðlaunaafhendingu. ICAS lagði til farandgrip, sérstaka gerð af skál sem á þeirra máli kallast Quaich, með eftirfarandi áletrun: Presented by ICAS for the Annual Golf Match / Picts v. Vikings." Skýringin á skosku nafni skálarinnar kom einnig fram í golfannál frá 2003 en rétt að endutaka hér það sem þá var skrifað: "Regarding the origins of Quaich it is derived from the Scots Gaelic word Quach which means a two handled wooden drinking bowl. It is now a traditional gift in Scotland as a mark of friendship". Þannig kom best í ljós hversu mikið skoskir kollegar okkar mátu þessar ferðir okkar, vináttuna og samverustundirnar. Þeir FLE félagar sem mæta á hádegisfundi ættu að þekkja þessa skál því í einhver skipti eftir sigur í golfkeppni var komið með þessa skál á hádegisfundi þar sem lýst var þessu golfsambandi okkar og var þá skálin gjarnan fyllt með einhverju góðgæti öðru en í vökvaformi.



Greinarhöfundur við steinsúluna

Ljósmynd: Sigurður Tómasson

En heitið á keppninni í Skotlandi: Picts v. Vikings, var frá skotunum komið. Fornmenn skota voru kallaðir Picts. Elstu heimildir um Pictverja eru frá um 300 eftir Krist en þetta er keltneskur þjóðflokkur sem ríkti í Norður Skotlandi um það leyti sem norrænir menn settust þar að. Rómverjar gáfu fornmönnum þetta nafn, picts, þar sem þeir höfðu þann sið að mála eða húðflúra sjálfa sig. Á latínu er málari nefndur pictor. Margar fornminjar um Picts hafa fundist norðarlega í Skotlandi og þá ekki síst á Orkneyjum. Greinarhöfundur var svo lánssamur að heimsækja Orkneyjar s.l. haust og kom meðal til Birgiseyjar (Borough of Birsay) þar sem hafa fundist steinsúlur frá Picts tímanum sem þykja einstaklega fagurlega útskornar. Tækifærið



Gunnar Hjaltalín, Stefán Svavarsson og Jón P. Hilmarsson

var notað til að taka mynd af greinarhöfundi við steinsúlu og ef vel tekst til þá er annars vegar sú mynd og hins vegar mynd af steinsúlunni sem er sú frægasta af þeim sem fundist hafa. Þegar svo kom að golfinu þá tengdu skotarnir þessi tvö golflið fornmönnum beggja, annars vegar þeir sjálfir sem Picts og svo



Steinsúla frá tímum Picts

Af vefnum [www.orkneyjar.com](http://www.orkneyjar.com)

hins vegar við sem Vikings. Fullyrða má að þessar keppnir milli okkar og skotanna voru ávallt tilhlökkunarefni og margar góðar minningar frá þessum mótum. En "all good things come to an end" og við vorum mjög sáttir þegar þessum fundum lauk árið 2007 og verðlaunaskálin varð eftir í Skotlandi.

En þrátt fyrir að keppnum okkar við skoska kollega væri lokið þá förum við áfram í golfvörferðir til Skotlands og/eða Suður-Englands. Alls höfum við farið 14 ferðir og fimmtánda ferðin árið 2012 er þegar tímasett. Þegar á heildina er litið þá hafa 29 endurskoðendur farið í þessar ferðir og ef eitthvað er, þá má merkja aukinn áhuga á þessum ferðum. Hér í lokin skal bent á að um nokkurt árabil, árin 1998 – 2007, hafa birst golfannálar í FLE fréttum og geta menn þar fengið mun ítarlegri lesningu um erlenda og innlenda golfiðkun en hér er boðið uppá.

Í þessum annálum var gjarnan vitnað til spakmæla og þykir við hæfi að enda þennan pistil á eftirfarandi máta: "Eðlilegt skor fyrir endurskoðanda sem stundar golf er níutíu ( 90 ). Ef hann er betri sinnir hann starfi sínu ekki nógu vel. Ef hann er verri sinnir hann golfinu ekki nógu vel".

Þeir sem hafa reglulega lesið golfannálana í FLE fréttum munu áreiðanlega kannast við sumt af því sem hér er skrifað. Þá ber að hafa í huga að þetta er skrifað sem 30 ára saga eða yfirlit og þannig verður sumt endurtekið. En þá má kannski hafa í huga að þess sem er að góðu getið verður aldrei of oft endurtekið!!

Sigurður Tómasson

## Ráðstefnur ársins



Haustráðstefnan var með vinnustofusniði

### Skattadagur

Skattadagur FLE, ráðstefna um skattamál var haldinn föstudaginn 14. janúar 2011 í Gullteig, Grand Hótel Reykjavík. Ráðstefnan var opin og voru 200 þátttakendur að meðtöldum fyrirlesurum og gestum. Ráðstefnustjóri var Guðmundur Óskarsson, endurskoðandi. Ráðstefnan gaf 4 einingar í skatta- og félagarétti. Formaður FLE, Þórir Ólafsson setti ráðstefnuna, en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Nýlegar breytingar á lögum um tekjuskatt, virðis- aukaskatt, reglugerðir o.fl. er þeim tengjast**  
*Sigurjón Högnason, lögfræðingur KPMG ehf.*
- **Um skattlagningavernd stjórnarskrár**  
*Bjarnfreður Ólafsson, hdl., Logos*
- **Af borði ríkisskattstjóra**  
*Skúli Eggert Þórðarson, ríkisskattstjóri*
- **Skattar á Íslandi**  
*Pétur Blöndal, alþingismaður*
- **Nýlegir úrskurðir og dómar**  
*Steinþór Haraldsson, skattstjóri í Suðurlandsumdæmi*

### Málþing

Stjórn FLE stóð að framfarapingi sem haldið var á Grand Hótel Reykjavík fimmtudaginn 3. febrúar 2011 og sóttu það 74 félagsmenn. Málþingið gaf 3 einingar í endurskoðun og 1 einingu í siðareglum og faglegum gildum. Þingið var með þjóðfundarsniði og þingstjóri var Ragnar Þórir Guðgeirsson, framkvæmdastjóri Expectus. Formaður FLE Þórir Ólafsson setti þingið, en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Samkeppnishæfni Íslands með tilliti til grunnstoða – hlutverk og starfsskilyrði endurskoðenda**  
*Ingjalður Hannibalsson, deildarforseti viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands*
- **Kynning á vinnu dagsins**  
*Ragnar Þórir Guðgeirsson, framkvæmdastjóri Expectus*
- **Hringborðsumræður félagsmanna – 1. lota**  
*Lærdómur endurskoðenda af efnahagshruninu.*  
*Umræðuefni: Hvað fór úrskeiðis*
- **Hringborðsumræður félagsmanna – 2. lota**  
*Í framfaraátt. Umræðuefni: Hverju þarf að breyta – hvað getum við bætt?*
- **Forgangsroðun, flokkun framfaraverkefna**
- **Kynning á niðurstöðum hópa**

## Endurskoðunardagur

Endurskoðunardagur FLE var haldinn föstudaginn 15. apríl 2011 í Gullteig, Grand Hótel Reykjavík. Ráðstefnan var opin og þátttakendur voru 165 að meðtöldum fyrirlesurum og gestum. Ráðstefnustjóri var Margrét Pétursdóttir, endurskoðandi. Ráðstefnan gaf 4 einingar í endurskoðun. Formaður FLE, Þórir Ólafsson setti ráðstefnuna, en síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Innri endurskoðun**  
*Helga Harðardóttir, endurskoðandi KPMG ehf.*
- **Green Paper EU – hvað er framundan?**  
*Jens Röder – framkvæmdastjóri Norræna endurskoðendasambandsins (NRF)*
- **Umhverfi endurskoðenda á Íslandi**  
*Lárus Finnbogason, endurskoðandi Deloitte ehf.*
- **Endurskoðun lítilla og meðalstórra fyrirtækja**  
*Sturla Jónsson, endurskoðandi ÍS endurskoðun ehf.*

## Reikningsskiladagur

FLE hélt sinn árlega reikningsskiladag, föstudaginn 16. september á Grand hóteli. Ráðstefnan var öllum opin og mættu 226 manns að meðtöldum fyrirlesurum. Ráðstefnan gaf 4 einingar í reikningsskilum. Ráðstefnustjóri var Knútur Þórhallsson, endurskoðandi hjá Deloitte ehf. Formaður Þórir Ólafsson setti ráðstefnuna og svo var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Tillögur FLE að úrbótum á ársreikningalögum**  
*Arna Guðrún Tryggvadóttir, endurskoðandi hjá PricewaterhouseCoopers ehf.*
- **Stjórnarhættir og samstarf við endurskoðendur fjármálafyrirtækja**  
*Hrafnhildur Mooney, sérfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu*
- **Reikningsskil – leikur einn**  
*Stefán Sigurðsson, Senior Director of Finance hjá CCP hf.*
- **Áhættustýring og upplýsingagjöf**  
*Sverrir Örn Þorvaldsson, yfirmaður áhættustýringar hjá Íslandsbanka hf.*
- **Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB)**  
*Jón Arnar Baldurs, verkefnastjóri hjá IASB*
- **Nýir og breyttir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar**  
*Jóhann I. C. Solomon, endurskoðandi hjá KPMG ehf.*



Framfarabing varð mörgum til umhugsunar

## Haustráðstefnan

Lagt var upp með nýtt form að hluta til á haustráðstefnunni sem haldin var á Grand hóteli 4. nóvember. Ráðstefnan hófst á fyrirlestri en síðan gátu þátttakendur valið sér þrjár vinnustofur af þeim fimm sem í boði voru. Í heild gat því hver þátttakandi fengið 5 endurmenntunareiningar þ.e. allir fengu tvær einingar í endurskoðun en svo var tilfallandi í hvaða flokki hinar einingarnar voru allt eftir vali hvers og eins. Ráðstefnustjóri var Pálína Árnadóttir, endurskoðandi hjá Deloitte ehf. Þórir Ólafsson formaður FLE setti ráðstefnuna og síðan var gengið til eftirfarandi dagskrár:

- **Framtíð stéttarinnar**  
*Philip Johnson, forseti FEE*
- **Kynning á fyrirkomulagi**  
*Menntunarnefnd kynnir vinnustofur dagsins*
- **Vinnustofur lota 1**
- **Vinnustofur lota 2**
- **Vinnustofur lota 3**

Eftirfarandi vinnustofur voru í boði:

- **Vinnustofa 1: Endurskoðun – áhætta í tekjum og endurskoðun tekna**  
*Jón Rafn Ragnarsson, endurskoðandi Deloitte ehf.*
- **Vinnustofa 2: Endurskoðun – fagleg tortryggni**  
*Ólafur Kristinsson, endurskoðandi*
- **Vinnustofa 3: Endurskoðun – innra eftirlit í endurskoðun**  
*Sigrún Guðmundsdóttir, endurskoðandi hjá BDO ehf.*
- **Vinnustofa 4: Reikningsskil – eftirgjöf skulda**  
*Þorsteinn Pétur Guðjónsson, endurskoðandi Deloitte ehf. og Herbert V. Baldursson, endurskoðandi hjá PwC ehf.*
- **Vinnustofa 5: Skattamál – ýmislegt sem huga þarf að við skattútreikninga og skattskil**  
*Skattanefnd: Steingrímur Sigfússon, Ásbjörn Björnsson, Elías Illugaon og Jón Freyr Magnússon, endurskoðendur*



Það var þétt setinn bekkurinn á Endurskoðunardegi FLE 15. apríl

## Aðalfundur 2011

Þórir Ólafsson formaður FLE setti aðalfund félagsins og fól Lilju Steinþórsdóttur fundarstjórn. Fyrstur á mælendaskrá var Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri FLE sem sagði frá því helsta í starfi félagsins á liðnu ári. Meginefnið er að finna hér í blaðinu undir yfirskriftinni: Starfsemi FLE.



*Formannaskipti, Sigurður Páll Hauksson tekur við keðjunni úr hendi Þóris Ólafssonar fráfarandi formanns*

Þá flutti formaður skýrslu stjórnar og hóf mál sitt með því að þakka fráfarandi stjórn fyrir ánægjulegt og gott samstarf. Formaðurinn kom inn á rekstrarniðurstöðu félagsins en starfsmannakostnaður hjá félaginu hefur aukist en á sama tíma hefur kostnaður félagsmanna við störf þeirra í þágu félagsins minnkad. Það er kostnaður sem ekki kemur fram í reikningum félagsins þ.e. minni tími stjórnar- og nefndarmanna við þeirra störf en kostnað af því hafa viðkomandi félagsmenn sjálfir eða vinnuveitendur þeirra borið hingað til. Lauslega talið eru um 50 manns sem starfa á vegum félagsins í nefndum og stjórnun. Þetta fyrirkomulag lendir þyngra á einyrkjum og félagsmönnum frá fámennari stofum þegar þeir taka þátt. Formaðurinn velti hér upp þeirri hugmynd að til að byrja með fái formenn nefnda og stjórnarmenn greiðslur fyrir störf sín. Augljóst er að þessu fylgir þörf fyrir hækkan félagsgjalda en á móti léttir á kostnaði

þeirra sem starfa fyrir félagið. Kostnaður hefur einnig aukist með aukinni þátttöku í fundum NRF og FEE auk þess sem kostnaðarhlutdeild okkar í NRF hækkaði þegar sett var ákveðið gólf á kostnaðarhlutdeild landanna innan NRF.

Þá vék formaðurinn að umræðu um endurskoðendur í fjölmiðlum, en allnokkur umræða og á stundum hvöss hefur verið um endurskoðendur í fjölmiðlum sl. ár. Stjórn félagsins hefur að mestu haldið sig við að grípa ekki inn í umræðuna nema þegar farið væri rangt með eða ef tilefni væri til að efla skilning á hlutverki endurskoðenda.

Því næst nefndi formaðurinn að endurskoðendur eru ein fárra stétta í landinu sem býr við lögbundið gæðaeftirlit. Félagið skal lögum skv. annast framkvæmd gæðaeftirlitsins hjá endurskoðendum að forskrift Endurskoðendaráðs. Á því eru engar undantekningar. Ákveðinn ágreiningur hefur komið upp um framkvæmd gæðaeftirlitsins sem að mestu er byggður á meintum vafa um lögformlega innleiðingu alþjóðlegra staðla um endurskoðun. Lög um endurskoðendur tala þó skýrt um að fara skuli eftir alþjóðlegum stöðlum.

Þá kom hann inn á að rætt hefur verið um að hafa reglulega fundi með Efnahags og viðskiptaráðuneyti og átti félagið tvo fundi með þeim sl. starfsár. Vel var tekið í ósk félagsins að félagið fengi að koma fyrir að málum, þ.e. meðan á undirbúningi frumvarps stendur, því reynslan hefur verið sú að oftar gengur erfiðlegar að ná sjónarmiðum fram þegar búið er að leggja frumvarpið fram auk þess sem greinargerð og athugasemdir fara þá oft forgörðum. Þá nefndi formaðurinn samskipti félagsins við Endurskoðendaráð sem hafa verið góð á árinu.

Þá vék formaðurinn að Námsstyrkjasjóði FLE, en haustið 2010 var veittur styrkur úr Námsstyrkjasjóði FLE til Háskólans í Reykjavík vegna doktorsnáms Markúsar Ingólfs Eiríkssonar í reikningshaldi. Heildarférhæð styrksins er kr. 9.000.000 og er hann veittur til þriggja ára. Á árinu var þriðjungur styrksins greiddur og hafa styrkþegar skilað framvinduskýrslu þar sem fram kemur að vel gengur hjá honum. Doktorsverkefni Markúsar ber vinnuheitið „Auditors' incentives, decision and independence“.

Af öðrum vettvangi félagsins kom fram að stjórn félagsins skipaði tvær nýjar nefndir á árinu, orðanefnd og laganefnd. Að lokum sagði formaðurinn þetta: „Ég vil að lokum þakka stjórn-



Horft yfir salinn. Guðmundur Jónsson í pontu

num, nefndum, framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra sem og öðrum fyrir afar metnaðarfullt starf og ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári, og ykkur félagsmönnum fyrir góða þátttöku. Einnig vil ég þakka þann góða stuðning sem ég hef fundið fyrir sem formaður félagsins síðastliðið ár."

Þá voru ársreikningar félagsins og námsstyrkjasjóðs lagðir fram og samþykktir samhljóða. Að því loknu mælti formaður fyrir tillögum um breytingar á samþykktum félagsins. Þá var gengið til kosninga og breytingin á 5. grein samþykkt en 3 greiddu atkvæði gegn tillögunni. Breytingar á 11., 12., 13. og 17. grein voru samþykktar samhljóða. Þegar tillaga um breytingu á 22. grein var lögð fram fór Guðmundur Jónsson fram á skriflega atkvæðagreiðslu skv. lokamálsgrein 17. gr. laga félagsins. Var gengið til skriflegrar atkvæðagreiðslu. Var breytingin samþykkt með 67,8% greiddra atkvæða, en nei sögðu 32,2%.

Síðan var gengið til kosninga í stjórn og nefndir. Sigurður Páll Hauksson var kjörinn formaður og J. Sturla Jónsson varaformaður. Þá gengu úr stjórn þau Þórir Ólafsson, Anna Þórðardóttir og Magnús G. Benediktsson en nýir stjórnarmenn eru þær Auður Þórisdóttir og Arna Guðrún Tryggvadóttir. Uppstillingarnefnd lagði fram tillögur um nýtt fólk í nefndir og voru þær samþykktar móttakvæðalaust.

Sigurður Páll Hauksson varaformaður félagsins lagði fram rekstraráætlun næsta á reikningsárs og kynnti áætlunina. Fyrir hönd stjórnar lagði hann fram tillögu um að árstíllag félagsmanna verði kr. 120.000 á mann. Fjárhagsáætlunin og tillaga um félagsgjöld samþykkt samhljóða.

Undir liðnum önnur mál kvaddi Guðmundur Jónsson sér hljóðs. Í máli sínu gerði hann grein fyrir áhyggjum sínum vegna gæðaeftirlits Endurskoðendaráðs. Hann óttaðist að félagið væri að skipast í tvær fylkingar þeirra sem að sögn beita nýrri og lögvörðum aðferðum við endurskoðunarstörf sín og hins vegar hinir, þeirra er hafa starfað sem góðir og samviskusamir endurskoðendur á grundvelli góðrar endurskoðunarvenju. Hann skor-



Frá vinstri: Magnús G. Benediktsson, Sigurður Páll Hauksson, Þórir Ólafsson, Lilja Steinþórsdóttir og Sigurður B. Arnþórsson

aði á Endurskoðendaráð að koma grundvallaratriðum á hreint og skapa með því svigrúm fyrir alla til að aðlaga sig og undirbúa undir þær kröfur sem óumdeilanlega tækju gildi. Meginatriðið er það, að eftirlitið verður að fara fram á réttum forsendum, það þarf að framkvæmast með virðingu og sanngirni og umfram allt, að lagalegur grundvöllur þess verður að vera hafinn yfir allan vafa. Í stefnu FLE sem samþykkt var á stjórnarfundum FLE 1. febrúar 2011 segir um félagsaðild: "Félagið er fyrir alla þá sem hlotið hafa löggildingu sem endurskoðendur á Íslandi óháð því hvort þeir hafa lagt inn réttindi sín eða ekki". Að lokum sagði Guðmundur: "Ég vona svo sannarlega að þetta göfuga markmið eigi eftir að virka í reynd þó mér lítist illa á blikuna að óbreyttu. Ég heiti á nýkjörinn formann, Sigurð Pál og hans fólk að beita sér fyrir því, að svo megi verða. Ég er sannfærður um að ekki verður skortur á liðsmönnum í þessu skyni, verði eftir slíku leitað."

Ekki voru fleiri sem tóku til máls undir liðnum önnur mál og fundarstjóri lauk þar með störfum sínum og gaf Þóri Ólafssyni fráfarandi formanni orðið. Þórir kallaði upp Sigurð Pál Hauksson nýkjörinn formann félagsins og afhenti honum formannakeðju FLE. Fundinum lauk með því að Sigurður Páll Hauksson þakkaði það traust sem honum er sýnt með formannskjörinu og sagði: „Um leið er það einnig skylda okkar að horfast í augu við að opinber umræða sýnir að tiltrú á okkur sem fagstétt hefur beðið hnekki í kjölfar efnahagshrunsins. Hversu djúpstæður sá skaði er, er mér ekki ljós en sannfæring mín segir að eitt mikilvægasta langtíma verkefni félagsins sé að auka traust á fagmennsku endurskoðenda." Hann ræddi síðan nauðsyn þess að tryggja sambærilegt starfsumhverfi og í nágrannalöndunum, gildi erlends samstarfs og góð tengsl við opinbera aðila sem fara með málefni endurskoðenda. Að lokum lýsti hann ánægju sinni með val á fólki til að vinna að málefnum félagsins og samstarfi við það.



## Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2011 - 2012



**Félagsstjórn FLE frá vinstri:** Sigurður Páll Hauksson formaður, J. Sturla Jónsson, varaformaður, Friðbjörn Björnsson, Auður Þórisdóttir og Arna Guðrún Tryggvadóttir.

**Álitsnefnd FLE:** Sigurður Páll Hauksson formaður, J. Sturla Jónsson, Þórir Ólafsson, Margret G. Flóvenz, Eymundur Einarsson og Anna Kristín Traustadóttir varamaður.

**Endurskoðunarnefnd FLE:** Helga Harðardóttir formaður, Davíð Arnar Einarsson, Jón Rafn Ragnarsson og Hrafnhildur Helgadóttir.

**Gæðanefnd FLE:** Guðný Helga Guðmundsdóttir formaður, Valgerður Kristjánsdóttir, Hörður Bjarnason og Bryndís Björk Guðmundsdóttir.

**Kynningarnefnd FLE:** Helga Erla Albertsdóttir formaður, Guðrún Torfhildur Gísladóttir, Dýri Guðmundsson og Ólafur Már Ólafsson.

**Menntunarnefnd FLE:** Ómar Kristjánsson formaður, Ljósbrá Baldursdóttir, Ingunn H. Hauksdóttir og Björn Helgi Arason.

**Reikningsskilanefnd FLE:** Jóhann Ioan Constantin Solomon formaður, Þorsteinn Guðjónsson, Hólmfríður Inga Eypórsdóttir og Herbert Baldursson.

**Siðanefnd FLE:** Sigurður M. Jónsson formaður, Hlynur Sigurðsson, Gunnar Þór Ásgeirsson og Björg Sigurðardóttir.

**Skattanefnd FLE:** Ásbjörn Björnsson formaður, Elías Illugason, Jón Freyr Magnússon og Alexander Eðvardsson.

## Til hamingju með afmælið - árið 2012

|        |            |                             |
|--------|------------|-----------------------------|
| 75 ára | 1.9.1937   | Sveinn Jónsson              |
| 75 ára | 4.9.1937   | Ólafur Nilsson              |
| 75 ára | 1.12.1937  | Halldór Valgeirsson         |
| 70 ára | 1.2.1942   | Sigurður Guðmundsson        |
| 70 ára | 30.9.1942  | Ólafur G. Sigurðsson        |
| 70 ára | 4.9.1942   | Hermann Árnason             |
| 60 ára | 17.11.1952 | Tryggvi E. Geirsson         |
| 60 ára | 8.5.1952   | Jón H. Skúlason             |
| 60 ára | 10.8.1952  | Ívar Guðmundsson            |
| 60 ára | 26.12.1952 | Haukur G. Gunnarsson        |
| 60 ára | 27.5.1952  | Einar Sveinbjörnsson        |
| 50 ára | 22.1.1962  | Þorbjörg Erla Ásgeirsdóttir |
| 50 ára | 23.7.1962  | Sigurður Sigurpórsson       |
| 50 ára | 1.9.1962   | Sigríður Ármannsdóttir      |
| 50 ára | 12.3.1962  | Jónas Guðbjörnsson          |

|        |            |                           |
|--------|------------|---------------------------|
| 50 ára | 22.5.1962  | Jón Þorgeir Einarsson     |
| 50 ára | 23.5.1962  | Garðar Jón Bjarnason      |
| 50 ára | 18.2.1962  | Barði Ingvaldsson         |
| 50 ára | 20.10.1962 | Ásbjörn Björnsson         |
| 50 ára | 1.9.1962   | Alfred Atlason            |
| 40 ára | 13.5.1972  | Ólafur Þór Jóhannesson    |
| 40 ára | 24.1.1972  | Helgi Nielsson            |
| 40 ára | 10.3.1972  | Elva Dröfn Sigurðardóttir |
| 40 ára | 18.8.1972  | Birgir Grétar Haraldsson  |
| 30 ára | 13.3.1982  | Pétur Hansson             |
| 30 ára | 13.5.1982  | Jóhann Línal Jóhannsson   |
| 30 ára | 28.10.1982 | Hjördís Ýr Ólafsdóttir    |
| 30 ára | 23.4.1982  | Fannar Ottó Viktorsson    |
| 30 ára | 4.3.1982   | Elín Hanna Pétursdóttir   |



## Löggildingarpróf og nýir félagar 2012

Árni Tómasson formaður prófnefndar

### Niðurstaða löggildingarprófa haustið 2011

Alls preyttu prófin 31 að þessu sinni, 16 konur og 15 karlar. Niðurstöðurnar urðu sem hér greinir:

| Próf                     | Fjöldi | Stóðust | Hlutfall |
|--------------------------|--------|---------|----------|
| Samkvæmt nýrri reglugerð | 25     | 11      | 44%      |
| Endurskoðun              | 3      | 2       | 67%      |
| Gerð reikningsskila      | 4      | 3       | 75%      |
| Reikningsskilafræði      | 2      | 2       | 100%     |
| Skattskil                | 2      | 1       | 50%      |

### Nýir félagar árið 2012

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda staðfestir í árslok 2011 að eftirfarandi 15 einstaklingar hafi staðist öll tilskilin verkleg próf og þar með öðlast rétt til að fá löggildingu sem endurskoðendur. FLE óskar nýjum endurskoðendum allra heilla í starfi og býður þá velkomna í félagið.



Árni Þór Vilhelmsson  
Deloitte ehf.



Gunnar Gýgjar  
Guðmundsson  
Deloitte ehf



Haraldur Örn  
Reynisson  
KPMG ehf.



Heiðar Hrafn Eiríksson  
PwC ehf.



Helga Dögg  
Yngvadóttir  
KPMG ehf.



Hjörtur Bjarki  
Halldórsson  
PwC ehf.



Hulda Sigurbjörnsdóttir  
Ernst & Young ehf.



Jóhann Línal  
Jóhannsson  
Deloitte ehf.



Kristbjörg Huld  
Kristbergisdóttir  
KPMG ehf.



Páll Daði Ásgeirsson  
Deloitte ehf.



Ragnar Sigurmundsson  
PwC ehf.



Sigríður Katrín  
Kristbjörnsdóttir  
Ernst & Young ehf



Sigríður Sophusdóttir  
KPMG ehf.



Vilhjálmur G.  
Vilhjálmsson  
Deloitte ehf.



Þorbjörg Erla  
Ásgeirsdóttir  
KPMG ehf.

# FYRIRHUGAÐIR VIÐBURÐIR 2012

Félag  
löggitra  
endurskoðenda

| DAGUR     | VIÐBURÐUR           | STAÐUR      | FORM                  | EFNI          | ÁÆTLAÐAR<br>EININGAR |
|-----------|---------------------|-------------|-----------------------|---------------|----------------------|
| 4. jan    | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur           | Óákveðið      |                      |
| 12. jan   | Námskeið            | Grand hótél | Námskeið              | Siðamál       | 3                    |
| 13. jan   | Skattadagur         | Grand hótél | Ráðstefna             | Skattamál     | 4                    |
| 1. feb    | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur           | Óákveðið      |                      |
| 16. feb   | Morgunkorn          | Grand hótél | Námskeið / Vinnustofa | Endurskoðun   | 2                    |
| 7 mars    | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur           | Óákveðið      | 1                    |
| 15. mars  | Morgunkorn          | Grand hótél | Námskeið / vinnustofa | Reikningsskil | 2                    |
| 4. apríl  | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur           | Óákveðið      |                      |
| 12. apríl | Námskeið            | Grand hótél | Námskeið              | Reikningsskil | 3                    |
| 13. apríl | Endurskoðunardagur  | Grand hótél | Ráðstefna             | Endurskoðun   | 4                    |
| 2. maí    | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur           | Óákveðið      |                      |
| 17. maí   | Morgunkorn          | Grand hótél | Námskeið / vinnustofa | Skattamál     | 2                    |
| 6. júní   | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur           | Óákveðið      | 1                    |
| 5.sept.   | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur           | Óákveðið      |                      |
| 20. sept. | Námskeið            | Grand hótél | Námskeið              | Endurskoðun   | 3                    |
| 21. sept. | Reikningsskiladagur | Grand hótél | Ráðstefna             | Reikningsskil | 4                    |
| 3. okt.   | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur           | Óákveðið      |                      |
| 18 okt.   | Morgunkorn          | Grand hótél | Námskeið / vinnustofa | Siðamál       | 2                    |
| 7. nóv.   | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur           | Óákveðið      |                      |
| 1. nóv    | Námskeið            | Grand hótél | Námskeið              | Óákveðið      | 3                    |
| 2. nóv.   | Haustráðstefna      | Grand hótél | Ráðstefna             | Fjölbreytt    | 5                    |
| 2. nóv.   | Aðalfundur          | Grand hótél | Fundur                | Fundur        | 2                    |
| 5.des.    | Hádegisfundur       | Grand hótél | Fyrirlestur           | Almennt       |                      |
| 6. des.   | Námskeið            | Grand hótél | Námskeið              | Skattamál     | 3                    |

FLE stefnir að því að bjóða upp á u.þ.b. 50 endurmenntunareiningar árið 2012.

Yfirlitið er birt með fyrirvara um breytingar. Vinsamlegast fylgist með upplýsingum um efnið á [www.fle.is](http://www.fle.is)